



AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

ÍSLENSKA

1999

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

ÍSLENSKA

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 15

Júlí 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA ehf.
Prentun: Oddi hf.

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-27-1

EFNISYFIRLIT

Formáli	5
Íslenska	7
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Námsmat	
Dæmi um matsaðferðir	
Lokamarkmið	
Lokamarkmið í einstökum námsþáttum	
Áfangar	
ÍSL 102 Læsi ritun og tjáning	
ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði	
ÍSL 212 Mál- og menningarsaga	
ÍSL 303 Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta	
ÍSL 403 Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900	
ÍSL 503 Bókmenntir frá 1900	
ÍSL 603 Íslensk og almenn málvísindi	
ÍSL 613 Skáldsögur og almenn bókmenntafræði	
ÍSL 623 Félagsleg málvísindi	
ÍSL 633 Mál og menningarheimur barna og ungmenna	
TJÁ 102 Tjáning og samskipti	
Íslenska sem annað tungumál	49
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Lokamarkmið og námsmat	
Áfangar	
ÍSA 104 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og ritun	
ÍSA 102 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og lestur	
ÍSA 202 Íslenska sem annað tungumál. Ritun og námstækni	
ÍSA 212 Íslenska sem annað tungumál.	
Lestur, hlustun og áhorf	

ISA 303 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; tækni og vísindi	
ISA 313 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; hugvísindi og listir	
ISA 403 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar bókmenntir og menningarsaga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku	
ISA 503 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar nútímabókmenntir	
Íslenska fyrir heyrnarlausu	72
Inngangur	
Nám og kennsla	
Lokamarkmið og námsmat	
Áfangar	
ISH 102 Læsi og ritun	
ISH 202 Bókmenntir og málfræði	
ISH 212 Mál- og menningarsaga	
Íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausu	81
Inngangur	
Nám og kennsla	
Skipan náms	
Námsmat	
Lokamarkmið	
Áfangar	
ÍTM 103 Málfræði og saga heyrnarlausra I	
ÍTM 203 Málfræði og saga heyrnarlausra II	
ÍTM 303 Bókmenntir og setningafræði	
ÍTM 403 Frásagnir og sköpun	
ÍTM 503 Þýðingar og þróun táknforðans	
ÍTM 603 Leiklist	



FORMÁLI

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er íslenskukennslu skipt í fjögur svið, almenna íslenskukennslu í brautarkjarna og á kjörsviðum, íslensku sem annað tungumál, íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausa. Þetta er í fyrsta sinn sem sett eru ákvæði í aðalnámskrá framhaldsskóla um íslensku sem annað tungumál, íslenskukennslu fyrir heyrnarlausa nemendur og táknmálskennslu fyrir heyrnarlausa.


Í þessari námskrá er almenn umfjöllun um íslenskukennslu í framhaldsskólum. Þar er gerð grein fyrir skiptingu greinarinnar í námsþætti og settar fram viðmiðanir um námsmat. Sett eru fram lokamarkmið fyrir alla námsþætti íslensku miðað við lok brautarkjarna á bóknámsbrautum. Markmiðin eiga einnig flest við um íslensku í starfsnámi. Íslenskunámið er skipulagt í afmörkuðum áföngum. Hver áfangi byggist á áfangalýsingu, áfangamarkmiðum, efnisatriðum og ábendingum um námsmat.

Í námskránni eru einnig sérstök lokamarkmið sett fyrir íslenskunám nýbúa, þ.e. íslensku sem annað tungumál fyrir nemendur sem hafa annað mál að móðurmáli. Einnig eru sett sérstök lokamarkmið fyrir nám í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausa en lokamarkmið fyrir íslenskunám heyrnarlausra eru að mestu leyti þau sömu og lokamarkmið í almenntri íslenskukennslu.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan mál- og menningarlegan bakgrunn. Þeir hafa yfirleitt til-einkað sér móðurmál áður en þeir flytjast til Íslands. Þeir hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Stefnt skal að því að þeir fái íslenskukennslu við hæfi með það að markmiði að þeir

verði hæfir til að taka fullan þátt í skólastarfi og íslensku samfélagi. Íslenskukennsla þarf því að taka mið af stöðu nemenda í námi og bakgrunni þeirra.

Heyrnarlausir læra ekki íslensku á sama hátt og aðrir. Þeir heyra ekki málið í umhverfinu og þurfa því að reiða sig á annars konar aðstæður til að eignast sitt fyrsta mál, sem er táknmál. Í aðalnámskránni eru kröfur um að skólar bjóði heyrnarlausum nemendum að læra á eigin forsendum til þess að þeir geti tileinkað sér íslensku. Táknmál hefur grundvallarþýðingu fyrir málþroska, persónuleika og hugsun heyrnarlausra nemenda en einnig fyrir líf og starf þeirra síðar og er leið til að taka þátt í íslenskri menningu og menningu heyrnarlausra og læra þjóðtunguna. Jafnframt þurfa heyrnarlausir að tileinka sér íslenskt ritmál sem uppsprettu þekkingar og tjáningarmiðil.



ÍSLENSKA

Inngangur

Traust kunnátta í íslensku er ein meginundirstaða menntunar hér á landi. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er námsgreinin íslenska skipulögð sem heildstæð námsgrein. Markviss þjálfun í íslensku og meðferð talaðs og ritaðs máls skal ekki einskorðast við almenna íslenskukennslu heldur vera órjúfanlegur hluti af kennslu allra námsgreina.

Mikilvægt er að framhaldsskólanemendur öðlist skilning á sögulegu, menningarlegu og félagslegu gildi máls og bókmennta. Þeir þurfa að átta sig á eðli móðurmálsins og lögmálum og fræðast um málnotkun í fjölmiðlum. Mikilvægt er að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar, bæði í ræðu og riti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun.

Íslenska er í eðli sínu flókin og margbrotin námsgrein. Þjóðtungan gegnir mikilvægu hlutverki í því að efla þjóðernislega samkennd, ekki síst þegar um er að ræða fámennar þjóðir eins og Íslendinga. Námsgreinin fjallar m.a. um þau menningarlegu verðmæti sem felast í móðurmálinu og íslenskum bókmenntum. Þar er líka fjallað um málið sem félagslegt fyrirbæri þar sem meðal annars er nauðsynlegt að átta sig á mismunandi málsniðum og nauðsyn þess að temja sér ákveðið umburðarlyndi gagnvart málnotkun annarra.

Móðurmálið er notað í hagnýtu og listrænu skyni, til að tjá tilfinningar eða vekja þær, tjá skoðanir eða afla og miðla upplýsingum. Loks er í móðurmálskennslu verið að fjalla um eitt megineinkenni hvers einstaklings, persónulegt málfar, sem er hluti af honum og sjálfsmynd hans. Því er þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum,

nauðsynlegur þáttur í almennri menntun. Góð þekking á máli gefur færi á að beita því af listfengi og að meta gott og vandað mál.

Markviss öflun og miðlun upplýsinga með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni er vaxandi þáttur í nútímasamfélagi. Þáttur tölvutækni í hvers konar ritun og ritvinnslu verður einnig æ mikilvægari. Traust undirstaða í móðurmáli gerir nemendur hæfari til þess að notfæra sér þessa tækni á íslensku, vega og meta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem nálgast má með tölvutækni og margvíslegum öðrum miðlum nútímans. Æskilegt er að nýta í náminu ýmsan hugbúnað við að greina mál og texta og aðstoða við framsetningu ritaðs máls, t.d. leiðréttingarforrit. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér á íslensku ýmis hugtök um tölvu- og upplýsingatækni og hugleiði mikilvægi tungutækni fyrir framtíð íslensks máls í tölvuveröld.

Nám og kennsla

Með íslenskukennslu í framhaldsskólum skal stuðlað að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til íslensku og kynnist áhrifamætti og margbreytileika málsins. Þeir eiga að nýta móðurmálskunnáttu sína við lausn skólaverkefna og í félags- og tómstundastarfi. Þeir eiga að þjálfast í notkun handbóka og gagnabanka, geta nýtt sér Netið markvisst við lausn verkefna og kynnast fyrirbærinu tungutækni og búa sig undir að taka virkan þátt í nýtingu hennar. Þeir eiga að fá tækifæri til túlkunar, tjáningar og sköpunar, fá viðfangsefni í samræmi við hæfileika og áhugamál, þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlast hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er íslenskunámi skipt í eftirfarandi þætti: lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hver annan, tengjast og skarast og fléttast saman í eina heild. Í þessu felst til dæmis að hugtakakerfi

bókmenntafræði og málfræði verði ekki meginviðfangsefni í sjálfu sér heldur kynnt, kennt og notað í tengslum við umfjöllun um talað mál og ritað, til stuðnings og skilningsauka. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum framhaldsskóla. Áherslur geta verið mismunandi eftir námsgreinum en einkum skal leggja áherslu á þjálfun í töluðu máli, lestri, lesskilningi og ritun, þ.m.t. rétritun. Íslenskukennsla í framhaldsskóla á að vera heildstæð og því skal lögð áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi þeirra og eðlilega stígandi í náminu. Samstarf við heimilin er æskilegt í tengslum við íslenskukennsluna, ekki síst hvað varðar lestur og tjáningu.

Lestur

Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að menn geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta er mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun. Lestur stuðlar að auknum orðaforða og betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum. Lögð er vaxandi áhersla á hæfni nemenda til að geta lesið með ólíku lestrarlagi, að þeir geti t.d. beitt markvisst jöfnum höndum leitarlestri, yfirlitslestri, skimlestri, nákvæmnislestri, lestri stiklutexta á Netinu og metið hvenær mismunandi lestrarlag er viðeigandi. Nemendur þjálfist einnig í að lesa vandlega með áherslu á skilning, listræna nautn og gagnrýnið hugarfar.

Í framhaldsskólum skal einskis látið ófreistað til að koma til móts við nemendur sem eiga við lestrarörðugleika að stríða af einhverju tagi. Greina þarf í hverju vandi einstakra nemenda liggur og mæta síðan þörfum hvers og eins. Þessu má mæta með skipulagi kennslunnar, sérstökum verkefnum, verkefnaskilum og próftöku við hæfi. Nauðsynlegt er að bjóða sumum nemendum upp á sérstakan stuðning þar

sem lögð er áhersla á að bæta lestur (lesskilning og les-hraða) og stafsetningu með sérstökum námskeiðum. Mikilvægt er að benda nemendum á námsaðferðir til úrbóta vegna erfiðleika þeirra á þessum sviðum. Oft eru mikil tengsl milli lestrarörðugleika og stafsetningarörðugleika og skulu framhaldsskólar leggja áherslu á að greina vanda nemenda með markvissum hætti til að geta komið sem best til móts við þarfir þeirra. Mikilvægt er að haft sé náið samstarf við nemendur og foreldra um skipulag kennslu, lestrarþjálfun og úrræði til úrbóta í lestri.

Talað mál og framsögn

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, atvinnu, félags- eða einkalífi. Þeir sem hafa góða framsögn, gott vald á töluðu máli og samræðulist eiga auðveldara með að miðla fræðslu- og menningarefni til annarra og taka virkan þátt í félagslegum samskiptum. Þjálfun í töluðu máli stuðlar að betra valdi á máli og festir orðaforða í sessi. Gott vald á munnlegri tjáningu á móðurmálinu er einnig undirstaða undir tungumálanám.

Enda þótt talað mál sé í reynd samofið framsögn má greina þjálfunina í tvo þætti, annars vegar framburðar- og framsagnarþátt og hins vegar frásagnar-, samræðu- og umræðuþátt.

Mikilvægt er að tengja þjálfun í töluðu máli og framsögn við bókmenntalestur, lestur ýmissa annarra texta og umfjöllun um mál og málnotkun. Æskilegt er að tengja þjálfun í töluðu máli og tjáningu sem mest við einstaka íslenskuáfangi í framhaldsskólum þannig að stígandi í tjáningar-náminu verði eðlileg og að nemendur fái rikuleg tækifæri í framhaldsskóla til tjáningar. Með því móti verður íslenskukennslan heildstæðari. Vert er að hvetja nemendur til að velja sérstakan tjáningaráfangi í framhaldsskólum, ekki síst

Þá nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að tjá sig frjálst og óhikað og hafa ekki náð skýrri og áheyri-legri framsögn. Í því skyni þarf að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í tjáningarkennslu og höfða sem mest til áhuga nemenda.

Hlustun og áhorf

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að nema þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóð-, mynd- og margmiðlum og geta túlkað og metið þær af gagnrýni. Lestur á ýmiss konar myndrænu efni tengist lestrarkunnáttu. Hlustun er einnig stór þáttur í mannlegum samskiptum og hvers konar félagsstarfi.

Mikill hluti upplýsingamiðlunar nútímans á sér stað um ýmiss konar hljóð- og myndmiðla, s.s. útvarp, sjónvarp, myndbönd, kvikmyndir, geisladiska og Netið. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem þannig er miðlað og metið þær af gagnrýni.

Námsefni er einnig gjarnan miðlað með aðstoð hljóð- og myndefnis, auk þess sem kennsla og umræður í kennslustundum gera kröfur um nákvæma hlustun og úrvinnslu. Ýmiss konar myndir, línurit og töflur koma mikið við sögu í ýmsum textum og mikilvægt er að geta túlkað slíkt efni og nýtt sér þessa tækni. Nauðsynlegt er að geta notið menningarefnis af ýmsu tagi sem miðlað er með hljóði, mynd eða á leikrænan hátt.

Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að geta skrifað margvislega texta og tjáð sig skriflega, bæði í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli af ýmsu tagi hafa góð tækni á að miðla fræðslu- og menningar-efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert á sviði ritaðs máls.

Í flestum námsgreinum er nauðsynlegt að nemendur þjálfist með margs konar verkefnavinnu í að gera skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum í rituðu máli. Því þarf fjölbreytt glósugerð, skýrslugerð og fleiri ritunarverkefni að vera ríkur þáttur í öllu námi. Efla skal samskipti milli fólks, t.d. með tölvupósti, vefráðstefnum og notkun spjallrása. Í móðurmálskenndu stuðlar þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls að betra valdi á málinu. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, s.s. handskrifað og á tölvutæku formi.

Sinna þarf ritun í öllum íslenskuáföngum framhaldsskóla. Greina má ritþjálfun í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar er um tæknileg atriði að ræða sem varða frágang, greinarmerkjasetningu, stafsetningu og uppsetningu og hins vegar efnisleg atriði sem tengjast framsetningu, málsniði, skipulagi, efnistöfum og heimildanotkun. Góð framsetning, viðeigandi málsnið og gott skipulag á ekki eingöngu við um bókmenntalega texta, s.s. ljóð, sögur, frásagnir og frumsamda texta, heldur einnig endursagt efni, skýrslur, ritgerðir og vefsíður. Mikilvægt er að tengja þessi atriði við hvers konar efni og skrif, bæði í móðurmálstímum og öðrum námsgreinum.

Sjá einnig umfjöllun um lestrar- og stafsetningarörðugleika í kaflanum um lestur.

Bókmenntir

Lestur bókmennta er stór liður í almennri lestrarþjálfun. Bókmenntalestur getur stuðlað að betri skilningi á manningum og eðli hans. Almenn menntunar- og menningarrök veða þungt þegar hugað er að bókmenntakennslu. Bókmenntir og bókmenntaarfur skipar háan sess í menningarlífi þjóðarinnar. Þess vegna er mikilsverður þáttur í íslenskri menntun og menningu að þekkja íslenskar bókmenntir, geta notið þeirra, miðlað þeim og samið nýjar.

Einnig er mikilvægt að nemendur kynnist erlendum bókmenntum til að vikka sjóndeildarhringinn.

Lestur bókmennta er mikilvægur liður í mótun sjálfsmyndar einstaklinga. Í bókmenntum leita lesendur að fyrirmyndum og lifa sig inn í aðstæður skáldsagnapersóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd beggja kynja, aukið skilning hvors kyns á sérstöðu hins og búið nemendur undir virka þátttöku í síbreytilegu upplýsingasamfélagi framtíðar.

Sú lestrarþjálfun, sem fæst við bókmenntalestur, er veigamikil undirstaða alls náms. Þekking á undirstöðuhugtökum um bókmenntir er mikilvæg í framhaldsskólum, bæði í tengslum við móðurmálskennslu og umfjöllun um bókmenntir á öðrum tungumálum. Umfjöllun um bókmenntasögu þarf að tengjast almenntri sögu, félagsfræði og menningarsögu. Bókmenntalestur auðgar orðaforða, eflir máltilfinningu og styrkir vald á máli. Í tengslum við bókmenntalestur er kjörið að nemendur vinni margs konar verkefnavinnu, afli sér heimilda og vinni úr þeim með margvíslegum hætti, bæði munnlega og skriflega.

Æskilegt er að nemendum gefist kostur á að velja kjörbækur við hæfi í sem flestum íslenskuáföngum framhaldsskóla í samræmi við áhuga sinn og yfirlýst markmið skólans.

Málfræði

Markmið málfræðikennslu í framhaldsskóla er að gera nemendur að betri málnotendum og viðræðuhæfa um mál og málfar og að gera nemendum kleift að skilja uppbyggingu móðurmálsins.

Færni í notkun tungumála, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Til þess að ná valdi á málinu og geta beitt því á markvissan hátt í ræðu og riti og stafsetja rétt er nauðsynlegt að geta

nýtt sér hjálpargögn, svo sem handbækur, orðabækur, gagnasöfn og hugbúnað sem ætlaður er til að greina texta. Þar eru notuð málfræðileg hugtök af ýmsu tagi sem nauðsynlegt er að þekkja. Málfræðihugtök gegna einnig vaxandi hlutverki í þróun og nýtingu tungutækni, þ.e. tækninnar við meðferð tungumálsins í tölvum og hugbúnaði.

Málfræðileg hugtök eru notuð í umfjöllun um móðurmál, allt frá stafsetningarkennslu til stílfræði. Þess vegna er grundvallarþekking á þeim hugtökum forsenda þess að geta nýtt sér ýmiss konar hjálpargögn um mál og málnotkun. Kunnátta í málfræði auðveldar nemendum að ræða um mál, málfar, stíl, málnotkun, málbreytingar, texta og mállýskur. Því þarf að þjálfar nemendur í að útskýra texta munnlega. Þekking í málfræði gerir nemendum kleift að ræða um málið. Þeir læra að flétta þætti þess saman, tengja saman kennslu í íslensku og erlendum málum og öðlast þannig innsýn í hugmyndir um tungutækni.

Í framhaldsskóla er gefið yfirlit yfir málkerfið, sérkenni íslensks nútímamáls og málsögu. Leggja þarf áherslu á þjálfun í notkun handbóka og annarra hjálpargagna, m.a. á tölvutæku formi, en þó er ákveðin grunnþekking nauðsynleg til þess að menn geti nýtt sér handbækur. Bein málfræðikennsla getur einnig verið þáttur í móðurmálþjálfun og réttitun.

Skipan náms

Í brautarkjarna bóknámsbrauta, þ.e. á málabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut, er gert ráð fyrir 15 einingum í íslensku. Í námskránni er gert ráð fyrir sömu markmiðum í íslensku og sambærilegu inntaki á öllum brautum. Framhaldsskólar geta hins vegar útfært markmiðin og efnisatriðin með ólíkum hætti, bæði eftir aðstæðum, áhuga og brautum. Fyrstu 6 einingar framhaldsskólánáms í íslensku eru settar fram í þremur tveggja eininga áföngum. Það er einkum gert til þess að hægt sé að nota þær áfangalýsingar í íslenskukjarna bóknáms og starfsnáms. Ekkert er því til fyrirstöðu að framhaldsskólar skipuleggi þessar 6 einingar í tveimur þriggja eininga áföngum en slíkt er útfærsluatriði og skal koma fram í skólanámskrám einstakra skóla.

Til viðbótar við 15 eininga brautarkjarna er í námskránni skilgreint 6 eininga mismunandi viðbótarnám í íslensku á kjörsviðum mála- og félagsfræðabrauta. Um er að ræða tvo þriggja eininga áfanga fyrir hvora braut. Nemendur á náttúrufræðibraut geta einnig valið kjörsviðsáfanga í íslensku. Nemendur á málabrautum geta einnig valið kjörsviðsáfanga félagsfræðabrautar í íslensku og öfugt. Mælt er með að nemendur taki a.m.k. einn bókmenntatengdan áfanga og einn málfræðiáfanga.

Loks er skilgreindur í námskránni sérstakur tjáningar- og samskiptaáfangi sem nemendur geta valið á öllum námsbrautum enda er sérstök þjálfun í tjáningu mikilvæg.

Yfirlit yfir áfanga­lýsingar í íslensku í kjarna og kjörsviðum auk tjáningaráfanga

Kjarnaáfangar í íslensku

Tveggja eininga íslenskuáfangar

ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði

ÍSL 212 Mál- og menningarsaga

Þrjú eininga íslenskuáfangar

ÍSL 303 Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta

ÍSL 403 Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900

ÍSL 503 Bókmenntir frá 1900

Kjörsviðsáfangar í íslensku á mála- og félagsfræðabraut

Á málabraut

ÍSL 603 Íslensk og almenn málvísindi

ÍSL 613 Skáldsögur og almenn bókmenntafræði

Á félagsfræðabraut

ÍSL 623 Félagsleg málvísindi

ÍSL 633 Mál og menningarheimur barna og ungmenna

Skilgreindur valáfangi í íslensku

Tjáning og samskipti

TJÁ 102 Tjáning og samskipti

Annað íslenskunám, sem framhaldsskólar vilja bjóða nemendum í frjálsum vali, skal skilgreint í skólanámskrám viðkomandi skóla.

Námsmat

Námsmat þarf að byggjast á þeim markmiðum sem stefnt er að í áfanganum og þeim kennsluáðferðum sem beitt hefur verið. Námsmat verður að taka til fjölbreyttra þátta námsins. Mikilvægt er að leggja ekki minni áherslu í námsmati á færni og skilning en þekkingu. Gæta þarf þess að prófa úr sem flestum námsþáttum sem til meðferðar eru hverju sinni. Gæta þarf þess að einstakir efnisþættir fái ekki óeðlilega mikið vægi eða séu margmetnir. Námsmat á að byggjast á vinnu nemenda alla önnina, símati, auk loka-prófs þar sem við á. Einnig er æskilegt að fram fari reglubundið sjálfsmat nemenda.

Námsmat þarf að vera eins leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi og kostur er fyrir nemendur. Ábendingar til nemanda þurfa að fylgja niðurstöðum námsmats svo að hann eigi þess kost að bæta stöðu sína í einstökum þáttum. Taka þarf tillit til sértækra erfiðleika nemenda sem greindir hafa verið með lestrar- og stafsetningarörðugleika (dyslexíu). Þeir geta verið mismunandi og nemendur þurfa að fá að haga próftöku í samræmi við sérþarfir sínar og tilögur sérfræðinga. Hér getur verið um að ræða notkun hjálpartækja eins og leiðréttingarforrita og orðabóka eða breytingu á prófaðstæðum, svo sem stækkað letur á prófverkefnum, lengri próftíma eða munnleg próf í stað skriflegra.

Námsmat þarf að vera upplýsandi fyrir nemendur og foreldra. Auk mats á stöðu nemandans þurfa að fylgja námsmatinu upplýsingar um leiðir sem nemandinn getur farið til að bæta stöðu sína þegar þörf krefur.

Í íslensku er lögð áhersla á mat á munnlegri og skriflegri frammistöðu nemenda. Form matsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við markmið aðalnámsskrár og kennsluhætti. Mappa eða vinnubók, vefsíður o.fl., þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið.

Einnig er vert að meta hæfileika nemenda til samstarfs með öðrum, þátttöku og virkni í hópvinnu, frumkvæði, hugmyndaauðgi, frumleika, sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnubrögð og hvernig nemendur leysa rannsóknarverkefni af hendi. Áhersla sé lögð á að fram komi í skriflegri umsögn kennara hvað nemandi getur, síður hvað hann getur ekki.



Dæmi um matsaðferðir

Meta má

- Lestur**
- upplestur með því að meta frammistöðu í undirbúnum upplestri á lausu og bundnu máli
 - myndlestur með því að meta færni í að lesa úr ýmsum kortum og upplýsingum á tölvuskjá
 - nákvæmnis- og leitarlestur með því að skrá færni nemenda við leit að lykilorðum, meta færni í að greina aðalatriði frá aukaatriðum og skrá færni í að meta ólíka texta
 - lesskilning og orðaforða með því að meta færni nemenda í að svara spurningum úr lesnu efni eða færni þeirra við að skrifa útdrátt úr því, skrá færni nemenda í að finna umbeðnar upplýsingar í texta og á tölvutæku formi og meta lestur og lesskilning með stöðluðum lestrarprófum og öðrum mats-tækjum
- Talað mál og framsögn**
- virkni með því að meta framlag nemenda í ýmsum munnlegum verkefnum
 - framsögn með því að leggja fyrir verkefni sem gera kröfur um áheyrilegan flutning og að notað sé viðeigandi látbragð, áherslur og tónfall og skrá frammistöðu
 - málflutning með því að leggja reglulega fyrir verkefni sem gera kröfur um vel rökstuddan og skipulegan málflutning og skrá frammistöðu
- Hlustun og áhorf**
- virkni með því að meta reglulega hvort nemendur geti unnið úr munnlegum frásögnum og myndrænu efni og skrá reglulega hvort nemendur taki virkan þátt í umræðum, nýti upplýsingar og meti þær

Meta má

Ritun

- frjálsa ritun með því að meta persónuleg skrif sem unnin eru undir handleiðslu kennara eða sjálfstæð ritunarverkefni
- ritunarverkefni með því að meta framfarir, skoða verkefnamöppur, vefsíður, ritgerðir o.fl. með sýnishornum af verkefnum og með því að skrá hvort fyrirmælum um byggingu, orðalag, málfar og efnistöð sé fylgt
- stafsetningu og greinarmerkjasetningu með því að skoða verkefnamöppur, vefsíður, ritgerðir o.fl. með sýnishornum af mismunandi verkefnum, skrá og kanna hvort reglum um greinarmerkjasetningu og stafsetningu er fylgt í verkefnum, meta hversu vel nemendur geta gengið frá eigin texta og hvort nemendur geti notað orðabækur og leiðréttingarforrit, meta hæfni nemenda í að byggja upp ritgerðir og gera grein fyrir heimildanotkun
- frágang með því að skoða verkefnamöppur, vefsíður, ritgerðir o.fl. með sýnishornum af verkefnum og meta færni í að fylgja fyrirmælum um frágang ákveðinna verkefna

Bókmenntir

- lestur með því að láta nemendur tjá sig munnlega eða skriflega um lesið efni og skrá frammistöðu þeirra
- umfjöllun með því að leggja reglulega fyrir nemendur markvissar æfingar sem gera kröfur um að þeir fjalli um valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt munnlega eða skriflega
- ljóðakunnáttu með því að meta og skrá hvort nemendur skilji efni ljóða og geti gert grein fyrir myndmáli þeirra, formi og stíl
- áhuga með því að fylgjast með fjölda og tegundum frjálslestrarbóka og kjörbóka og þátttöku nemenda í umræðum um bókmenntir

Meta má

Málfræði

- þekkingu á móðurmálinu með því að skrá frammi-
stöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum sem
reyna á þekkingu á sérkennum íslensks máls og
skilning á ýmsum málfræðihugtökum
- færni í beitingu málfræðihugtaka með því að skoða
hvort nemendur geta nýtt sér málfræðilegar upp-
lýsingar í orðabókum og handbókum og með því
að láta nemendur lýsa málfræðilegum texta,
bera saman ólíka texta, breyta texta í samræmi
við leiðbeiningar er styðjast við málfræðihugtök og
bera íslensku saman við nágrannamálin
- vald á tungumálinu með því að skrá frammi-
stöðu nemenda í ýmsum verkefnum sem reyna á mál-
notkun og ritun

Lokamarkmið

Eins og fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla er eðli lokamarkmiða að gefa yfirsýn yfir það sem stefnt er að í kennslu greina eða greinasviða. Lokamarkmiðin í íslensku gefa heildaryfirlit yfir það sem stefnt er að í íslensku í framhaldsskóla. Lokamarkmiðin miðast við nám í brautarkjarna á bóknámsbrautum. Miðað er við sömu lokamarkmið í íslensku eftir 15 eininga nám á öllum bóknámsbrautum framhaldsskóla, hvort sem um áfangaskóla eða bekkjarskóla er að ræða. Lokamarkmiðin eiga einnig að ná til viðbótarnáms á kjörsviðum bóknámsbrauta í íslensku. Þá eiga lokamarkmiðin að mestu við um 4-6 eininga íslenskukjarna í almennu starfsnámi en ljóst er að í stuttu námi er ekki hægt að fara eins djúpt í viðfangsefnin og í almennum kjarna bóknámsbrauta í íslensku. Lokamarkmiðin eru síðan nánar útfærð í áfangamarkmiðum og áfangalýsingum einstakra áfanga.

Markmiðin eru leiðarvísir í skólastarfinu, forsenda áætlanagerðar og skólanámskrángerðar einstakra skóla. Þeim er ætlað að samræma kröfur, stýra kennslu og framsetningu á námsmati og þau eru grundvöllur mats á gæðum skólastarfs og samræmdra prófa í framhaldsskólum.

Lokamarkmið í einstökum námsþáttum

Nemandi

- Lestur**
- treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar
 - fái tækifæri til að lesa margs konar texta með gagnrýnu hugarfari
 - geti greint á milli auka- og aðalatriða í texta
 - þjálfist í að lesa fjölbreytta texta og nýti sér þá í námi og starfi
 - tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- Talað mál og framsögn**
- fái tækifæri til að tjá sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi fólks og/eða á Netinu
 - þjálfist í að tjá skoðanir sínar og tilfinningar
 - kunni skil á íslenskum mállýskum og íslenskum málhljóðum
 - geti nýtt sér tæknileg atriði til tjáningar
 - verði fær um að taka þátt í umræðum
 - þjálfist í að flytja ræður og fyrirlestra munnlega og í gegnum tölvusamskipti
- Hlustun og áhorf**
- geti nýtt sér fræðsluefni í hljóð-, mynd- og margmiðlunarformi
 - kunni skil á helstu hugtökum sem notuð eru um
 - munnlegan málflutning
 - myndræna framsetningu efnis og
 - margmiðlun
 - læri að leggja mat á margvíslegan flutning efnis
- Ritun**
- þjálfist í að skrifa margs konar texta, bæði frumsamið efni, þýtt og endursagt, formlegt og óformlegt, einn og með öðrum
 - læri að setja upp og ganga rétt og vel frá textum
 - geti nýtt sér helstu hjálpartæki við frágang á rituðu máli, svo sem handbækur og tölvur
 - þekki helstu hugtök sem varða ritað mál
 - læri mun á ritmáli og talmáli og mismunandi mál-snið

Nemandi

- geri sér grein fyrir ólíkum kröfum til ritaðs máls eftir eðli þess og aðstæðum
- læri að meta það sem vel er gert á sviði ritunar
- treysti sér til að senda frá sér ritað mál
- fái tækifæri til að fást við skapandi skrif

Bókmenntir

- verði læs á bókmenntatexta af ýmsu tagi
- kunni skil á helstu hugtökum sem nýtast við umræðu um bókmenntir
- öðlist yfirsýn yfir íslenskar bókmenntir frá upphafi til nútímans
- þekki til helstu höfunda íslenskra bókmennta sem hafa sett mestan svip á bókmenntasöguna
- öðlist hugmynd um tengsl íslenskra bókmennta við erlendar bókmenntir, stefnur og strauma
- fái tækifæri til að gera grein fyrir skoðunum sínum á ákveðnum bókmenntaverkum og þeim áhrifum sem þau hafa á hann
- geti notið bókmennta, samsamað sig persónum og lifað sig inn í heim þeirra
- rækti með sér áhuga á bókmenntum, fái áhuga á að lesa bækur af margvíslegu tagi og læri að meta gildi þeirra
- geti greint ólíkar gerðir bókmennta
- þjálfist í að semja bókmenntalega texta

Nemandi

Málfræði

- þekki og geti nýtt sér þau málfræðiatríði sem koma við sögu við notkun orðabóka, handbóka og kennslubóka
- þekki og geti nýtt sér þau málfræðiatríði sem koma við sögu í umræðu um málfar, mállýskur, málsnið, málvöndun, málsögu, talmál og ritmál, bókmenntir, stíl og stafsetningu
- þekki helstu málfræðihugtök sem nýtast við málanám, bæði um móðurmál og erlend mál
- hafi á valdi sínu og þjálfist í að nota fjölbreyttan orðaforða
- læri um eðli og sérkenni íslensks nútímamáls
- rækti með sér áhuga á móðurmálinu
- leggi metnað sinn í að geta beitt málinu sem best við ólíkar aðstæður
- læri að meta góða málnotkun
- öðlist trú á eigin málhæfni

Áfangar

ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar; lesi fjölbreytta texta, s.s. bókmenntatexta, ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum, fræðiritum og á Netinu. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu. Nemendur læra að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni í ræðu og riti.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfist í að auka leshraða sinn og bæta lesskilning
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta
- fái tækifæri til að velja texta við hæfi í samræmi við áhuga sinn
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál
- geti lesið upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra
- taki þátt í umræðum og rökræðum
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra
- öðlist sjálfstraust og öryggi í ræðustól
- losi um óæskilegar hömlur og feimni í framkomu og tjáningu þar sem þörf krefur
- tileinki sér jákvætt viðhorf til móðurmáls og eigin málnotkunar
- fái tækifæri til að túlka línurit, myndir og gróf af ýmsu tagi
- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla
- kannist við sérkenni ritmáls og talmáls
- skrifi margs konar ritsmíðar í skrefum, þ.e. með ferliritun

- temji sér notkun hjálpargagna við réttritun, þ.m.t. orðabækur og leiðréttingarforrit
- þjálfist í notkun handbóka í ritun
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu
- fái tækifæri til að bæta kunnáttu sína í réttritun og greinarmerkjasetningu ef ástæða þykir til

Efnisatriði

Nemendur lesa bókmenntatexta og ýmsa aðra texta, átta sig á eðli þeirra og fá þjálfun í að fjalla um þá í ræðu og riti, túlka þá og bera saman við eigin reynslu og hugmyndaheim. Nemendur fá innsýn í nokkur grunnhugtök bókmenntafræði, s.s. tíma, umhverfi, sjónarhorn, persónulýsingar, boðskap, rím, ljóðstafi og myndmál. Nemendur kynnast fræðsluefni í hljóð- og myndformi og þjálfast í að túlka línurit, myndir og gröf; fá þjálfun í sem fjölbreyttastri ritun, t.d. ritun endursagna eftir upplestri, ritun texta um eigin reynslu og lesið efni og ritun rökfærslutexta. Nemendur gera sér grein fyrir stöðu sinni í stafsetningu og temja sér notkun orðabóka, handbóka og leiðbeininga um frágang og þjálfast í að semja, umsemja og endurrita texta í tölvu í samræmi við leiðbeiningar.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta upplestur, myndrænan lestur, nákvæmnis- og leitarlestur, lesskilning og orðaforða, einstaklings- og hópverkefni tengd bókmenntum, ritunarverkefni, stafsetningu og greinarmerkjasetningu og almenna tjáningu og þátttöku í umræðum.

ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði

Undanfari: ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

Áfangalýsing

Í áfanganum er megináhersla lögð á að skoða ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Markmiðið er að nemendur þjálfí hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð. Nemendur fá tækifæri til að nota tölvu, handbækur og sem fjölbreyttust hjálpargögn.

Áfangamarkmið

Nemandi

- lesi bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- fái tækifæri til að njóta listræns efnis í tengslum við lestur bókmennta, t.d. leiksýninga, kvikmynda eða myndlistar
- geti beitt bókmenntafræðilegum hugtökum í umfjöllun um bókmenntir
- rifji upp helstu orðflokka og einkenni þeirra eftir því sem við á
- geti nýtt sér setningafræðileg hugtök í umfjöllun um stíl sagna og samanburð ólíkra texta
- geti nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í orða- og uppflettibókum og í umræðu um mál og málnotkun
- fái tækifæri og öðlist nokkurt öryggi í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir í töluðu máli um efni áfangans
- átti sig á forsendum góðrar framsagnar, s.s. vilja til að koma einhverju á framfæri, skýrri hugsun og eðlilegri framkomu
- fái tækifæri til að flytja stutta tækifærisræðu
- skrifi margs konar ritsmíðar í skrefum, þ.e. með ferliritun
- átti sig á mismunandi málsniðum og geti nýtt sér þá kunnáttu í töluðu og rituðu máli
- geti nýtt sér reglur um málnotkun og byggingu málsins í ræðu og riti

- geti nýtt sér stafsetningarreglur í rituðu máli og reglur um greinarmerki
- temji sér notkun orðabóka, handbóka, leiðréttingarforrita og leiðbeininga um frágang
- skoði mismunandi málsnið í rituðum heimildum, m.a. í blöðum, tímaritum og á Netinu
- noti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum
- fái tækifæri til að bæta kunnáttu sína í réttritun ef ástæða þykir til

Efnisatriði

Nemendur lesa texta frá ólíkum tímum, t.d. stutta fornsögu (eða Íslendingaþátt), smásögu og nútímaskáldsögu. Við umfjöllun um textana fái nemendur þjálfun í því að beita bókmenntafræðilegum hugtökum eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt verði hugað að ólíkum málfarseinkennum textanna og vakin athygli á því hvernig setningafræðileg hugtök eins og frumlag, umsögn, andlag, nafnliður, sagnliður, setning, málsgrein, aðalsetning, aukasetning o.s.frv. nýtast við lýsingu og samanburð þeirra. Nemendur gera grein fyrir skoðunum sínum og athugunum á textunum bæði skriflega og munnlega, bera söguefnið saman við eigin reynslu og hugmyndaheim og huga að þeirri þjóðfélagsmynd sem textarnir birta. Nemendur kynnst efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum.

Námsmat

Í áfanganum er æskilegt að meta einstaklings- og hópverkefni tengd málfræði og bókmenntum, bæði munnleg og skrifleg. Námsmat byggist að öðru leyti á hæfni til að nota málfræðihugtök við greiningu texta og umfjöllun um málið, skilningi, túlkun og greiningu á bókmenntum og hæfni í réttritun og greinarmerkjasetningu.

ÍSL 212 Mál- og menningarsaga

Undanfari: ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að fjalla um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Nemendur kynnst nokkrum atriðum í sögu íslensks máls frá öndverðu til okkar daga, læra að lesa úr hljóðritunartáknum og kynnst helstu mállýskum á Íslandi. Nemendur kynnst norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna auk þess sem þeir fá tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans. Nemendur kynnst helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kannist við söguleg tengsl tungumáls og menningar
- fái innsýn í meginatriði íslenskrar málstefnu
- kynnist hugmyndum um tungutækni
- skoði nokkur dæmi um rúnaristur
- þekki dæmi um áhrif norrænnar tungu á önnur málsvæði
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði
- viti deili á helstu goðum í norrænni goðafræði og hlutverki þeirra, vættum og öðrum átrúnaði
- kynnist nútímaljóðum sem byggjast á fornum goðsögnum eða vísa til þeirra
- átti sig á leiðbeiningum um framburð
- þekki helstu mállýskur á Íslandi
- læri um helstu breytingar á stíl í íslensku frá upphafi ritunar til okkar daga
- kynnist dæmum um uppruna og skyldleika orða
- velti fyrir sér orðasmið og merkingu
- þekki íslenska nafnsiði
- greini mismunandi málsnið og orðræðu við ólíkar aðstæður
- ræði um og myndi sér skoðun á íslenskri málstefnu

- fái tækifæri til að semja og flytja eigin hugleiðingu tengda efni áfangans með áherslu á skýra framsögn
- fái tækifæri til að gagnrýna framsögn annarra og taka við gagnrýni á eigin framsögn
- fái tækifæri til að skoða myndbönd, myndlist eða margmiðlunarefni tengt norrænum goðsögnum
- skrifi ritgerð eða ritdóm um kjörbók
- kynnist helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun
- læri að byggja upp heimildaritgerð
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vef/neti
- fái tækifæri til að kynnast söfnum og skoða listaverk sem tengjast efni áfangans þar sem því verður við komið

Efnisatriði

Fjallað verður um norræn trúarbrögð og goðsagnir, helstu æsi og ásynjur og áhrif norrænnar goðafræði á íslenskar nútímabókmenntir. Sýnd verða dæmi um fornar rúnaristur og eldra rúnastafrófið og rifjaður upp fróðleikur um skyldleika og einkenni norrænna mála. Lesin verða textadæmi frá ýmsum tímum og vakin athygli á málfarslegum einkennum þeirra og þeirri þjóðfélagsmynd sem þau birta, uppruna og skyldleika orða, endurnýjun orðaforðans og íslenskum nafnsiðum. Nemendur lesa kjörbók og skrifa um hana ritgerð eða ritdóm og fá tækifæri til að lesa upp eigið ritverk eða annarra. Þeir kynnast og efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd sögu máls og menningar og ritunarverkefni. Námsmat getur að öðru leyti byggst á þekkingu og skilningi á norrænni goðafræði og sögu og sérkennum íslenskunnar.

ÍSL 303 Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta

Undanfari: ÍSL 212 Mál- og menningarsaga

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast einnig um orðaforða og beygingarkerfi forn máls og öðlast þannig betri skilning á textunum og málfari þeirra. Auk þess tjá nemendur sig í ræðu og riti um forn- bókmenntir, fá þjálfun í meðferð heimilda og skrifa ritgerð um tiltekið efni með eða án samvinnu við aðrar greinar.

Áfangamarkmið

Nemandi

- átti sig á skiptingu bókmenntasögunnar í tímabil óskráðra og skráðra bókmennta
- átti sig á hvenær menn hyggja að einkum hafi verið lögð stund á hverja bókmenntagrein á tímabilinu 800-1550
- þekki forna bragarhætti, a.m.k. fornyrðislag, ljóðahátt og dróttkvæðan hátt
- þekki sögu helstu eddukvæða
- átti sig á skiptingu eddukvæða í goðakvæði og hetjukvæði
- þekki helstu persónur hetjukvæðanna, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- geti tekið saman nokkrar vísur eddukvæða og dróttkvæðar vísur, skilið þær og skýrt vandlega og gert grein fyrir efni þeirra, heimsmynd og hugmyndafræði
- þekki algengustu yrkisefni dróttkvæðaskálda
- þekki skáldamál dróttkvæða og eddukvæða, heiti og kenningar
- geti við lestur dróttkvæða nýtt hugtök sem varða orðaröð og setningagerð

- kynni sér upphaf ritmennta á Íslandi, kannist við helstu skólasetur til forna, fræðirit, bókagerð og varðveislu handrita
- þekki og geti skilgreint grundvallarhugtök um ritverk miðalda
- þekki helstu sérkenni konungasagna, biskupasagna, samtíðarsagna, Íslendingasagna, Íslendingaþátta, fornaldarsagna Norðurlanda og riddarasagna
- lesi a.m.k. eina viðamikla Íslendingasögu og geti gert grein fyrir efni hennar og hugmyndaheimi
- átti sig á orðaforða, orðmyndun og nokkrum helstu beygingareinkennum fornmáls í þeim textum sem lesnir eru, t.d. beygingu nafnorða, fornafna, lýsingarorða og sagna
- geti aflað sér heimilda um tiltekið efni og skrifi um það ritgerð samkvæmt viðurkenndum reglum með eða án samþættingar við aðrar greinar
- fái tækifæri til að tjá sig skriflega um efni tengt áfanganum og flytja það munnlega með áherslu á skýra framsögn
- þjálfist í upplestri fornra texta með áherslu á viðeigandi hrynjandi
- öðlist skilning á því hvaða áhrif fornbókmenntir hafa í nútímanum, t.d. á umhverfi manna og menningu
- fái tækifæri til að skoða sýnishorn af fornum handritum
- fái tækifæri til að skoða myndbönd og myndlist og nýta sér margmiðlunarefni sem unnið hefur verið í tengslum við fornbókmenntir
- vinni skrifleg verkefni í tölvu og nýti sér orðabækur, handbækur og leiðréttingarforrit við frágang þeirra
- fari á söguslóðir þar sem því verður við komið

Efnisatriði

Nemendur kynnast fornum fræðiritum, fornum kveðskap: eddukvæðum, dróttkvæðum, helgikvæðum og sagnadönsum; því helsta í sagnaritum: konungasögum, biskupasögum, samtíðarsögum, Íslendingasögum, Íslendingaþáttum, fornaldarsögum Norðurlanda og riddarasögum. Nemendur lesa vel eina fornsögu og fjalla um hana bæði munnlega og skriflega, túlka hana og bera saman við eigin reynslu og hugmyndaheim. Þeir fræðast einnig um orðaforða, beygingarkerfi og setningagerð forn máls í tengslum við þá texta sem lesnir eru. Þeir kynnast efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum, svo og efni á Netinu og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd afmörkuðum þáttum fornbókmennta. Námsmat getur að öðru leyti byggst á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum fornbókmenntum, hugmyndafræði þeirra og málfarslegum einkennum.

ÍSL 403 Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900

Undanfari: ÍSL 303 Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Vakin skal athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantikur og raunsæis. Nemendur kynnst hugmyndum manna um íslenska tungu og viðleitni manna til málhreinsunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantik og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir og málfar tímabilsins
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- lesi texta frá tímabilinu og átti sig á einkennum þeirra
- kunni skil á algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- geti greint algengustu stílbrögð í texta, bæði bundnu máli og óbundnu
- fái tækifæri til að beita bragreglum og stílbrögðum í skapandi skrifum
- þekki helstu baráttumenn íslenskrar málhreinsunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna
- vinni að bókmenntakynningum, m.a. til að vekja athygli á áhrifum tiltekinna menningarstrauma og -stefna á textana og málvarslegum einkennum þeirra
- þekki dæmi um tökuorð, slettur og slangur frá ýmsum tímum sögunnar

- þekki dæmi um nýyrði frá 19. öld
- átti sig á því í hverju erlend áhrif á íslenskt mál hafa einkum verið fólgin frá siðaskiptum til okkar daga og hvernig þau hafa komið fram
- þjálfist í að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda
- þjálfist í upplestri bókmenntatexta frá tímabilinu með áherslu á stíl og stílbrigði
- fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni á myndböndum, geisla-diskum, snældum og margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu

Efnisatriði

Lögð er áhersla á þá höfunda sem setja svip sinn á hvert þessara bókmenntaskeiða og á þá umræðu sem fram fór á hverjum tíma um mál og menningu. Nemendur skilji hvernig erlendir hugmyndastraumar hafa haft áhrif á bókmenntir, menningu og málfar tímabilsins. Nemendur lesa valda texta frá tímabilinu og gefa jafnt gaum að málfari þeirra og hugmyndum. Nemendur bera þessa strauma og stefnur saman við íslenska málstefnu og stöðu íslenskrar tungu á tuttugustu öld. Nemendur þjálfast í að greina ljóðform þeirra texta sem þeir lesa, t.d. sonnettna, og kynnast ýmiss konar efni sem unnið hefur verið um bókmenntir tímabilsins. Auk þessa fá nemendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar í ræðu og riti og fara í leikhús og söfn eftir því sem aðstæður leyfa.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd hugmyndum og málfari sem endurspeglast í bókmenntum frá 1550 til 1900. Námsmat byggist að öðru leyti á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum bókmenntum tímabilsins, hugmyndafræði þeirra og málfarslegum einkennum.

ÍSL 503 Bókmenntir frá 1900

Undanfari: ÍSL 403 Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnst nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis á sama tíma-skeiði. Nemendur kynnst helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmennta-verkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann. Nemendur gera grein fyrir lestrar-reynslu sinni munnlega og skriflega með sérstöku tilliti til mismunandi stíls ólíkra höfunda.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar
- átta sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á einstakling og samfélag
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- lesi ljóð nokkurra höfunda 20. aldar og átta sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi smásögur frá upphafi aldarinnar, miðri öldinni og seinni hluta aldarinnar og átta sig á listrænum einkennum þeirra
- lesi skáldsögur sem endurspeglar ólíkar bókmenntastefnur og átta sig á listrænum einkennum þeirra
- þekki bragarhætti og kunni að lesa úr myndmáli og stílbrögðum ljóða frá 20. öld
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og atviki sem lúta að framsetningu máls
- þjálfist í upplestri eigin texta og annarra með áherslu á ólíka viðtakendur og tilefni

- þjálfist í að semja eigin texta með mismunandi stíl
- skrifi ritgerð sem byggist á greiningu og túlkun texta með aðstoð hugtaka úr bókmenntafræði
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta
- fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni á myndböndum, geisladiskum, snældum og/eða margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins
- fái tækifæri til að fara á leiksýningu í leikhúsi og fjalli um hana
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu
- læri að leita að heimildum sem tengjast efni áfangans á Netinu

Efnisatriði

Nemendur fást áfram við bókmenntafræðileg hugtök, s.s. tíma og umhverfi, byggingu, stíl, boðskap, persónusköpun, minni, myndmál og vísanir. Nemendur þjálfast í sjálfstæðri túlkun bókmenntatexta, kynnast endurnýjun ljóðformsins og átta sig á helstu einkennum óhefðbundinna ljóða. Nemendur athuga sérstaklega málfarsleg einkenni mismunandi stíls og atriði sem lúta að framsetningu máls. Nemendur fá jafnframt þjálfun í því að skrifa eða líkja eftir mismunandi stíl, skrifa samtöl, lýsingar og fleira. Gerð er krafa um nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efni áfangans og fara í leikhús. Þeir kynnast einnig efni á sviði myndlistar, tónlistar eða margmiðlunar sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang og birtingu verkefna.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd hugmyndum og málfarslegum einkennum mismunandi stíls sem endurspeglast í bókmenntum 20. aldar. Námsmat byggist að öðru leyti á þekkingu, skilningi og greiningu á íslenskum bókmenntum tímabilsins, hugmyndafræði þeirra og stíl.

ÍSL 603 Íslensk og almenn málvísindi

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku

Áfangalýsing

Í áfanganum eru rifjuð upp megineinkenni íslenska hljóðkerfisins og íslenskrar setningagerðar með það fyrir augum að nemendur geti nýtt sér þessa þekkingu við samanburð íslensku og þeirra erlendra mála sem þeir hafa lært. Í áfanganum eru einnig skoðuð einstök atriði íslenskrar málsögu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist skilning á málfélagsfræðilegum hugtökum
- átti sig á því sem einkum greinir íslenskt hljóðkerfi og íslenskan framburð frá hljóðkerfi og framburði valinna nágrannamála
- geri sér grein fyrir því að hvaða leyti íslenskar beygingar og setningagerð er frábrugðin beygingum og setningagerð valinna nágrannamála
- þjálfist í því að nýta sér málfræðileg hugtök við samanburð íslensku og erlendra mála
- þjálfist í því að þýða af erlendum málum yfir á íslensku og nýti sér um leið málfræðilega þekkingu við samanburð á málunum
- þjálfist í því að lesa fræðilegt efni um málfræði, t.d. um samanburð íslensku og erlendra mála
- kunni skil á sögulegri þróun íslensks hljóð- og beygingarkerfis
- kynnist hugmyndum um tungutækni og átti sig á hlutverki málfræði á því sviði
- geri sér grein fyrir notkun tölvutækni við þýðingarvinnu og helstu annmörkum á þýðingarávélum
- vinni einn og/eða í hópi undir leiðsögn kennara að sjálfstæðu verkefni sem tengist mállýskum eða félagsfræði máls
- kynnist vinnubrögðum sem viðhöfð eru í rannsóknarritgerðum

- fái tækifæri til að nýta sér margmiðlunarefni sem unn-
ið hefur verið í tengslum við efnið
- nýti sér orðabækur, handbækur og leiðréttingarforrit
við frágang skriflegra verkefna í tölvu

Efnisatriði

Nemendur þjálfast í að nota sér málfræðileg hugtök (einkum í hljóðfræði, beygingarfræði og setningafræði) til að fjalla um það sem er líkt og það sem er ólíkt með íslensku og nágrannamálunum og auka um leið skilning sinn á þessum málfræðilegu hugtökum og færni í málunum. Nemendur fá einnig þjálfun í þýðingum af erlendu máli yfir á íslensku, bæði þýðingum nytjatexta og bókmenntatexta. Nemendur kynnast einnig margmiðlunarefni sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta vinnu nemenda í kennslustundum, fyrirlestra og skrifleg verkefni.

ÍSL 613 Skáldsögur og almenn bókmenntafræði

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur þróun íslenskra skáldsagna og smásagna, fá tækifæri til að kynnast þýddum bókmenntaverkum og þjálfast í greiningu þeirra og lestri fræðigreina um bókmenntir. Þeir gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist þróunarsögu íslenskra smásagna og skáldsagna
- átti sig á hugmyndafræðilegum tengslum (skyldleika) íslenskrar og erlendrar sagnagerðar
- geti fjallað af skilningi og þekkingu um íslenskar skáldsögur og smásögur
- geti nýtt sér helstu bókmenntafræðileg hugtök sem tengjast skáldsögum og smásögum
- lesi vandlega nokkrar íslenskar smásögur og skáldsögur frá ýmsum tímum
- kynnist öðrum birtingarformum skáldskapar, t.d. leikritum, kvikmyndum og Netinu
- vinni einn og/eða í hópi undir leiðsögn kennara að kynningum sem fela í sér greiningu texta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta
- kynnist vinnubrögðum sem viðhöfð eru í rannsóknarritgerðum
- fái tækifæri til að nýta sér margmiðlunarefni sem unnid hefur verið í tengslum við efnið
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum á Netinu

Efnisatriði

Unnið er með íslenskar skáldsögur og smásögur allt frá upphafi skáldsagna- og smásagnagerðar til nútímans og valin dæmi af erlendri sagnahefð kynnt. Nemendur kynnst tímaritum, greinasöfnum og ritröðum sem fjalla um bókmenntaleg efni og kynna sér kvikmyndir og leikrit sem gerð hafa verið eftir íslenskum smásögum og skáldsögum. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efni áfangans. Þeir kynnst einnig margmiðlunar efni sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna. Gerð er krafa um nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta vinnu nemenda í kennslustundum, fyrirlestra og skrifleg verkefni.

ÍSL 623 Félagsleg málvísindi

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku

Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur greinargott yfirlit yfir íslenskar mállýskur og málfarsmun og nasasjón af félagsfræðilegum málvísindum með sérstöku tilliti til íslensku. Þeir fá þjálfun í lestri fræðilegra greina um efnið og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist gott yfirlit yfir íslenskar mállýskur
- öðlist skilning á málfélagsfræðilegum hugtökum
- geri sér grein fyrir félagslegu gildi málsins og þætti málsins í sjálfsmynd einstaklingsins
- vinni einn og/eða í hópi undir leiðsögn kennara að sjálfstæðu verkefni sem tengist mállýskum eða félagsfræði máls
- kynnist vinnubrögðum sem viðhöfð eru í rannsóknarritgerðum
- fái tækifæri til að nýta sér margmiðlunarefni sem unnið hefur verið í tengslum við efnið
- nýti sér orðabækur, handbækur og leiðréttingarforrit við frágang skriflegra verkefna í tölvu
- fái tækifæri til að afla upplýsinga á Netinu um efni sem tengist áfanganum

Efnisatriði

Eftir upprifjun á megineinkennum íslenska hljóðkerfisins er gefið yfirlit yfir framburðarmállýskur á Íslandi og það sem vitað er um þróun þeirra síðastliðin 50 ár. Einnig er fjallað um staðbundinn orðaforða og tilbrigði í beygingum eða setningagerð. Lesnar eru greinar um hugsanleg tengsl málfars og félagslegra þátta á Íslandi og þessi umræða tengd málfélagsfræði almennt og þætti málsins í sjálfsmynd einstaklingsins. Fjallað er um hugtökin rétt mál og

rangt, gott mál og vont, málvilla, málvenja, mállýska, málsnið og tengsl þessara hugtaka. Gerð er krafa um nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur kynnast einnig margmiðlunarefni sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta vinnu nemenda í kennslustundum, fyrirlestra og skrifleg verkefni.

ÍSL 633 Mál og menningarheimur barna og ungmenna

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku eða

ÍSL 212 Mál- og menningarsaga *

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabókmennta og fræðast um mál og menningarheim barna: máltöku barna, málþroska og ritun barna. Þeir fá þjálfun í lestri fræðigreina um efnið og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kannist við þróunarsögu íslenskra barna- og unglingabóka
- átti sig á hugmyndafræðilegum tengslum (skuldleika) íslenskra og erlendra barna- og unglingabóka
- geti fjallað af skilningi og þekkingu um íslenskar barna- og unglingabækur
- geti nýtt sér helstu bókmenntafræðileg hugtök sem tengjast barna- og unglingabókum
- lesi vandlega nokkrar íslenskar barna- og unglingabækur frá ýmsum tímum
- lesi gagnrýna umfjöllun um barna- og unglingabækur í blöðum og tímaritum
- geri sér grein fyrir helstu stigum máltöku barna
- geri sér grein fyrir því hvað lærist fljótt og hvað lærist seint í máltöku
- kannist við helstu rannsóknir á íslensku barnamáli
- átti sig á helstu tal- og málgöllum
- öðlist hæfni til að velja lesefni handa börnum og unglingum og leiðbeina þeim um bókaval
- kynnist ýmsum flokkum barna- og unglingabóka og geri sér grein fyrir ólíku efni þeirra, eðli og tilgangi
- kynnist öðrum birtingarformum barna- og unglingabóka, t.d. leikritum, kvikmyndum, leikjum og margmiðunarefni

* Þessi undanfari er hugsaður á þann hátt að nemendur í starfsnámi geti einnig valið hann til viðbótar kjarna-áföngum sínum í íslensku sem hluta af frjálsum vali.

- vinni undir leiðsögn kennara að kynningum sem fela í sér greiningu texta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta
- fái tækifæri til að nýta sér margmiðlunarefni sem unnið hefur verið í tengslum við efnið
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vef/neti

Efnisatriði

Nemendur fræðast um uppruna barna- og unglingabókmennta, hlutverk þeirra og feril í gegnum aldirnar. Þeir kynnast ýmsum flokkum barna- og unglingabókmennta og gera sér grein fyrir ólíku efni þeirra, eðli og tilgangi. Nemendur þjálfast í að lesa barna- og unglingabækur á gagnrýnni hátt og skilgreina efni þeirra í ræðu og riti. Jafnframt lesa nemendur yfirlitsgreinar um málþroska, máltöku og ritun barna og fá yfirlit yfir íslenskar rannsóknir um þessi efni. Nemendur kynnast tímaritum, greinasöfnum og ritröðum sem fjalla um barna- og unglingabókmenntir, barnamál og máltöku og fá tækifæri til að kynna sér kvikmyndir eða leikrit sem gerð hafa verið fyrir börn og unglinga, svo og myndbönd um málþroska og máltöku barna. Nemendur kynnast einnig margmiðlunarefni sem hæfir áfanganum og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang verkefna. Gerð er krafa um nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta vinnu nemenda í kennslustundum, fyrirlestra og skrifleg verkefni.

Valáfangi í íslensku*

TJÁ 102 Tjáning og samskipti

Undanfari: ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði

Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að þjálfast í helstu atriðum munnlegrar tjáningar, framkomu í ræðustól og hæfni í samskiptum við aðra. Nemendur þjálfast í að gagnrýna aðra og taka gagnrýni. Einnig kemur til greina að þjálfna nemendur markvisst í tölvusamskiptum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist sjálfstraust og öryggi í ræðustól
- losi um óæskilegar hömlur og yfirstígi feimni
- öðlist sjálfstraust og öryggi í tölvusamskiptum
- nýti sér markvisst spjallrásir og gagnvirk samskipti
- fái tækifæri til að gagnrýna framsögn annarra og taka við gagnrýni
- kynnist því sem skiptir máli fyrir rödd og raddbeitingu, svo sem rétttri öndun og slökun, fyrir beitingu talfæranna, líkamsstöðu og limaburð
- átti sig á helstu atriðum sem móta tal, svo sem rödd, raddsviði, styrk, hraða, hrynjandi, orðaforða, framburði, málsniði, málfari og blæbrigðum máls
- átti sig á nokkrum forsendum góðrar framsagnar, svo sem vilja til að koma einhverju á framfæri, skýrri hugsun og eðlilegri framkomu
- þjálfist í upplestri eða framsetningu á ólíkum tegundum texta
- lesi upphátt texta eftir sjálfan sig og aðra
- skrifi einn eða í hópvinnum stutt leikatriði út frá bókmennta-texta eða eigin hugmyndum
- æfi og leiklesi stutt leikatriði eftir sjálfan sig eða aðra
- kynnist undirstöðuatriðum viðtalstækni og fái tækifæri til að beita þeim

* Þessi áfangi er bæði hagnýtur og mikilvægur fyrir nemendur á öllum brautum framhaldsskóla og því ætti að hvetja þá til að velja hann sérstaklega sem hluta af frjálsum vali.

- geti skrifað og flutt kappræðu og tækifærisræðu
- auki hæfni sína til samskipta við aðra, t.d. með spunaæfingum, leikrænni tjáningu, leikjum, hópverkefnum og leiklestri

Efnisatriði

Nemendur æfa helstu atriði munnlegrar tjáningar, svo sem öndun og slökun, hljóðmótun, raddbeitingu, framsögn, framburð, upplestur, frásagnarlist, viðtalstækni og ræðuflutning og fá tilsögn í ræðugerð. Nemendur gera sér grein fyrir táknmáli líkamans, æfa spuna, þjálfast í að tala frammi fyrir öðrum, temja sér frjállega og óþvingaða framkomu og öðlast næmi til að skynja viðbrögð hlustenda. Nemendur fá tækifæri til að meta frammistöðu sína af myndbandi og segulbandi, æfast í að gagnrýna aðra og taka gagnrýni.

Námsmat

Áfanginn er próflaus en gerð er krafa um 90% mætingu og skil allra verkefna. Námsmat byggist á undirbúningi, vinnu og frammistöðu nemenda í kennslustundum. Meta skal m.a. skýran framburð, skipulagningu, frumleika, túlkun á viðfangsefni og málefnalegan rökstuðning. Einnig er hægt að meta hæfni nemenda í tölvusamskiptum.



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

Inngangur

Reglugerð um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum nr. 329/1997 gefur öllum nemendum í framhaldsskólum, er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna.

Markmið með íslensku fyrir nemendur með annað mál en íslensku að móðurmáli í framhaldsskólum er að veita þeim aðgang að menntun í íslensku skólakerfi til jafns við aðra nemendur. Íslenskukennslan er því sérstaklega hugsuð fyrir þá nemendur sem stunda nám á öðru máli en móðurmálinu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eru mismunandi innbyrðis og standa misjafnlega að vígi menningarlega og mállega.

Nám og kennsla

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli þarf að taka mið af stöðu nemenda í námi og þeirri staðreynd að málleg og menningarleg reynsla þeirra og þekking er önnur en nemenda sem hafa alist upp í íslenskri menningu. Íslenska sem annað tungumál felur því í sér þjálfun í íslensku og virkri þátttöku í íslenskri menningu, viðhaldi læsis og þekkingar í öllum námsgreinum. Viðfangsefni íslenskukennslunnar eru samræmd og samhæfð öllum öðrum námsgreinum.

Með kennslunni þarf að brúa bilið milli kunnáttu í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál, óháð aldri einstaklings. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í seinni málum. Þeir sem alast upp við tvö tungumál samtímis eða læra nýtt tungumál á framhaldsskólaaldri og viðhalda jafnframt móðurmálinu, lestri, ritun, tali o.s.frv. eru vel í stakk búnir til að takast á við nám á hvoru máli um sig.

Námssgreinin íslenska sem annað tungumál er meira en tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli og menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi, örva námsgetu og námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Með því að huga að öllum þroskaþáttum eru minni líkur á að nemandi með annað móðurmál verði á eftir í náminu meðan hann leitast við að læra íslenskt mál og öðlast menningarfærni. Með því að taka mið af þessum markmiðum samhliða markmiðum annarra námssgreina verður kennslan markvissari og betur er hugað að öllum þáttum sem áhrif hafa á framvindu í námi þeirra sem læra á öðru máli en móðurmálinu.

Markmiðunum má ná með því að

- greina stöðu og þarfir einstakra nemenda áður en námsáætlun er gerð
- þjálfar markvisst ýmis hugtök sem tengjast skólasterfi og einstökum námssgreinum
- stuðla að áframhaldandi þróun námsþroska og eflingu læsis með sérstakri áherslu á lesskilning
- byggja á þekkingu og undirstöðu sem fyrir er í einstökum námssgreinum og því er nauðsynlegt að athuga hvort þekkingargrunnur sé sambærilegur og hjá öðrum nemendum
- tengja lokamarkmið allra námssgreina við lokamarkmið íslensku sem annars tungumáls

- leggja áherslu á að nemendur öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra samtímis því sem þeir læra íslensku, m.a. með því að laga allt námsefni að námsgetu og málfærni hvers einstaklings hverju sinni
- brúa bil milli móðurmáls og menningar annars vegar og íslensks máls og menningar hins vegar
- huga að menningar- og námslegum forsendum sem liggja að baki góðri námsframvindu

Mikilvægt er að hvetja foreldra til að viðhalda móðurmálinu á heimilum en í skólum má aðstoða nemendur við að styðja hver annan og nýta kosti fjarkennslu og Netsins til að efla samskipti við nemendur með sama menningar- og tungumálagrunn. Einnig er hægt að bjóða upp á valáfangi í framhaldsskólum í yndislestri á móðurmáli.

Skýringar

Móðurmál: Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri.

Tvítýngi: Nemandi er tvítýngdur ef hann hefur færni í tveimur tungumálum. Hér er þó sérstaklega átt við nemendur sem stunda nám í skólum á öðru máli en móðurmálinu. Fæstir eru jafnvígir á bæði málin og getur þar munað miklu.

Virkt tvítýngi: Með virku tvítýngi er átt við það að nota tvö tungumál í daglegu lífi og lifa í tveimur menningarheimum, t.d. getur annað málið verið notað heima en hitt í skólanum og meðal féлага.

Skipan náms

Í aðalnámskránni eru skilgeindar tvær leiðir fyrir nám í íslensku sem öðru tungumáli, annars vegar *Leið A* fyrir nemendur sem hafa litla sem enga undirstöðu í íslensku og hins vegar *Leið B* fyrir nemendur með nokkra undirstöðu í

íslensku. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir þessum ólíku leiðum fyrir fyrstu fjórar einingarnar en mismunandi áherslur koma skýrt fram í áfangalýsingunum fyrir íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum.

Uppbygging námsins verður að taka mið af þörfum nemenda, bæði misjöfnum forsendum til framhaldsnáms og mismunandi námsmarkmiðum. Þess vegna er námi í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál skipt í tvennt í upphafi:

Leið A

Hér er lýst áfanga sem miðast við að kenna nemendum sem mesta íslensku á sem skemmstum tíma og miðast við þarfir nemenda sem koma til Íslands með góða undirstöðu í námi og læsi. Þeir nemendur færa náms- og lestrarfærni og fyrri þekkingu frá einu tungumáli til annars. Aðaláhersla í íslenskunáminu í hraðferð verður á talað mál, skilning og orðaforða. Gert er ráð fyrir umtalsverðu heimanámi.

Leið B

Þessi leið hentar nemendum sem kunna eitthvað fyrir sér í íslensku, hafa jafnvel verið á Íslandi nokkurn tíma en eru illa í stakk búnir til að takast á við nám í framhaldsskólum. Þessir nemendur geta átt við örðugleika að stríða í lestri eða aðra erfiðleika sem hamla námi almennt og hafa ekki nægilegan bakgrunn og þekkingu í námsgreinum sem komi þeim að gagni í frekara námi. Aðaláhersla í íslenskunámi þessara nemenda er á eflingu læsis, námsleikni og á undirstöðu í námsgreinum með fram þjálfun í íslensku. Hér er um tvo áfanga að ræða og er aðaláhersla á lestur og talað mál í öðrum en ritun í hinum. Þó að takmark áfanganna sé að kenna íslensku er innihald þeirra sótt til ýmissa námsgreina. Gert er ráð fyrir umtalsverðu heimanámi.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur með annað móðurmál en íslensku taki íslenskuáfanga sem byggist á miklum lestri, hlustun og áhorfi á íslensku, ÍSA 212. Þeir nemendur, sem taka leið A, þurfa fyrst að ljúka við áfangann ÍSA 104 en þeir sem taka leið B geta tekið áfangann samhliða ÍSA 102 og ÍSA 202.

Brýnt er að málfræði- og framburðarkennsla sé í tengslum við málnotkun og þarfir nemenda. Því ber að gera úttekt á stöðu nemenda í upphafi hvers áfanga og leggja áherslu á þau málnotkunar- og framburðaratriði sem ábótavant þykir.

Að loknum 6 einingum í íslensku er gert ráð fyrir að nemendur geti valið um tvær leiðir, annars vegar **Leið 1** með áherslu á hugtakaforða á íslensku sem tengist tækni og vísindum og hins vegar **Leið 2** sem tengist hugtakaforða á íslensku í hugvísindum og listum. Þessir áfangar eru skilgreindir með áherslu á þjálfun í máli og stíl sérstakra sviða innan skólakerfisins, tækni- og vísindamáli annars vegar, ÍSA 303, og máli sem tengist hugvísindum og listum hins vegar, ÍSA 313. Þessir áfangar miða að því að þjálfa nemendur í að lesa, rita, nota og skilja orðaforða og umræðustíl þeirra námsgreina sem þeir hyggjast leggja fyrir sig. Áfangarnir geta því haft mismunandi inntak eftir skólum og sérsviðum þó að markmiðin snúi einnig að þjálfun í íslensku. Ekkert er því til fyrirstöðu að nemendur velji báða áfangana en þeir verða að taka a.m.k. annan þeirra í kjarna íslenskunáms.

Því næst er gert ráð fyrir að allir nemendur, sem leggja stund á íslensku sem annað tungumál, taki íslenskuáfanga sem tengist bókmenntum og menningarsögu þjóðarinnar, þ.e. ÍSA 403. Loks er gert ráð fyrir að nemendur taki áfangann ÍSA 503 (íslenskar nútímabókmenntir). Markmið þessara áfanga er að gefa nemendum með annað móðurmál

menningarlegan og mállegan ramma til þess að þeir átti sig á þeirri menningarbundnu þekkingu og skilningi sem oft er gengið út frá í skólanum og samfélaginu. Gert er ráð fyrir að í þessum áföngum fari langur tími í kennslu orðaforða, málfræði- og framburðarkennslu og í útskýringar og umræður um námsefnið og menningarlegt samhengi í samræmi við íslenskukunnáttu nemenda. Gert er ráð fyrir að nemendur þurfi sérstakan stuðning í náminu en geti í ÍSA 503 stundað námið með íslenskum nemendum og að þeir eigi kost á hjálpargögnum og ítarefni til að átta sig á menningarlegum bakgrunni og samhengi.

Að loknum þeim 15 einingum í íslensku, sem hér er lýst, ættu nemendur með annað móðurmál að hafa tileinkað sér nokkurn veginn það sem jafnaldrar þeirra hafa farið yfir í íslensku og ættu að eiga þess kost að stunda aðra almenna íslenskuáfanga á kjörsviðum eða í vali með ákveðnum stuðningi. Auk þessara áfanga, sem eru skilgreindir í námskrá í íslensku sem öðru tungumáli, geta nemendur valið aðra áfanga sem skilgreindir eru í almennri námskrá í íslensku eða skólanámskrám einstakra skóla.

Til glöggvunar er hægt að sýna íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum á eftirfarandi hátt.

Grunnur í íslensku, 6 einingar

Leið A

ÍSA 104 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og ritun

Leið B

ÍSA 102 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og lestur

ÍSA 202 Íslenska sem annað tungumál. Ritun og námstækni

Leið A og B. ÍSA 212 Íslenska sem annað tungumál. Lestur, hlustun og áhorf

Hugtakanám á íslensku, 3 einingar

Leið 1

ÍSA 303 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; tækni og vísindi

Leið 2

ÍSA 313 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; hugvísindi og listir

Almennir kjarnaáfangar í íslensku, 6 einingar

ÍSA 403 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar bókmenntir og menningarsaga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

ÍSA 503 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar nútímabókmenntir

Lokamarkmið og námsmat

Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítýngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál er lykill að

- íslensku skólstarfi
- íslensku samfélagi
- virku tvítýngi
- tveimur menningarheimum

Að öðru leyti eru lokamarkmið í íslensku sem öðru tungumáli þau sömu og almenn lokamarkmið íslensku. Námsmat í íslensku sem öðru tungumáli byggist einnig á sömu viðmiðunum og almennt í íslensku og því verður ekki gerð grein fyrir sérstöku námsmati en vísað til námsmats í íslensku.

Til að stuðla að virku tvítýngi nemenda er nauðsynlegt að nemendur eigi greiðan aðgang að lesefni á eigin móðurmáli og fræðandi efni á móðurmáli í einstökum námsgreinum.

Áfangar

Leið A

ISA 104 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og ritun

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskt tal- og ritmál og íslenskan orðaforða. Markmiðið er að nemendur nái leikni í íslensku til þess að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem hafa góða undirstöðu í eigin móðurmáli og námi almennt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilið aðra
- geti notað íslensku til að taka þátt í félags- og menningarlífi skólans og skólastarfi
- þjálfist í að prófa tilgátur um mál og málnotkun
- geti borið fram íslensk hljóð og hljóðasambönd
- geti notað íslenskar áherslur og hrynjandi
- geti gefið upplýsingar um sjálfan sig, fjölskyldu, upprunaland og menningu og fyrra nám
- geti tjáð líðan og þarfir, t.d. reiði og ánægju
- geti byrjað og lokið samtölum
- geti lýst atvikum og hugmyndum
- geti prófað, þjálfað og leikið sér með málið með eftirhermum, endurtekningu og endursögn
- geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju
- geti notað málfræðibækur, orðabækur og handbækur um ritun
- geti notað viðeigandi mál í viðtölum, ræðum og á fundum
- geti áttað sig á hvaða umræðuefni og mál eiga við hverju sinni
- geti talað íslensku í síma og símsvara
- geti notað viðeigandi raddhæð, augntillit og fjarlægð frá viðmælenda

- geti skilið tjáskipti í kennslustund
- kynnist málstil námsefnis, sögubóka, dagblaða og texta með kvikmyndum
- geti aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um það bæði á töluðu og rituðu máli
- fari eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti tekið þátt í hópvinnu eða paravinnu og rætt við aðra nemendur um viðfangsefnið
- geti undirbúið og æft munnlega skýrslu
- geti notað íslenskt stafróf og mismunandi ritstil
- geti nýtt sér athugasemdir kennara og nemenda í ritun og endurritun
- skilji að framsetning upplýsinga er menningarbundin og átti sig á mismun á framsetningu á íslensku og móðurmáli
- geti stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur
- geti metið og bætt eigin kunnáttu, mál- og menningarfærni
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni til ritþjálfunar
- tileinki sér ýmis hugtök á íslensku sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni

Efnisatriði

Lögð er mikil áhersla á sjálfstæð vinnubrögð innan og utan kennslustunda. Nemendur læra orðaforða m.a. með yndislestri og þeim eru gefin tækifæri til að leika sér með málið með sameiginlegum verkefnum og hópvinnu. Smám saman er lögð meiri áhersla á nákvæmni í málnotkun í töluðu og rituðu máli með ferliritun. Málfræði er kennd í tengslum við málnotkun. Nemandinn lærir undirstöðuatriði íslensks málkerfis og hvernig megi nota málfræði- og orðabækur til að víkka og dýpka málfærni.

Tölvunotkun og þjálfun í ýmsum hugtökum, sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni, verður fléttuð inn í markmið og viðfangsefni áfangans.

Leið B

ISA 102 Íslenska sem annað tungumál. Talað mál og lestur

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, fram-
burð, lestrarfærni, námstækni og notkun hjálpargagna.
Markmiðið er að nemendur fái nægilega undirstöðu í lestri,
talmáli, námstækni og hugtökum námsgreina til að geta
tekið fullan þátt í námi og starfi í íslenskum framhalds-
skólum. Nemendur öðlast vald á undirstöðupáttum sem eru
forsendur eðlilegrar framvindu í námi. Þeir lesa bókmennta-
texta og ýmsa aðra texta við hæfi, átta sig á eðli þeirra og fá
þjálfun í að tjá sig á skýru máli samkvæmt íslenskri málhefð.
Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari
undirbúning og aðstoð í íslensku og námi almennt til að
geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum.

Áfangamarkmið

Nemandi

- geti notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilið aðra
- geti notað íslensku til að taka þátt í félags- og menningarlífi og skólastarfi
- prófi eigin tilgátur um mál og málnotkun
- geti borið fram íslensk hljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi
- geti lesið texta sér til gagns og ánægju
- skilji hugtök og yfirhugtök, andheiti og samheiti
- öðlist trú á eigin málhæfni
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum
- geti dregið saman innihald frásagna, skimað, notað titla, gröf og myndir og spáð fyrir um atburðarás til að dýpka skilning og auka lestrarfærni
- geti skilið og notað málfræðibækur, orðabækur og handbækur um íslensku
- noti viðeigandi mál í viðtölum, ræðum og fundarhöldum
- átti sig á hvaða umræðuefni og mál eiga við hverju sinni

- geti skilið tjáskipti í kennslustund
- kynnist málstil námsefnis, sögubóka, dagblaða og texta með kvikmyndum
- geti aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um þær
- geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti tekið þátt í hópvinnu eða paravinnu og rætt við aðra nemendur um viðfangsefnið
- geti undirbúið og æft munnlega skýrslu
- geti stafsett og gengið frá textum í samræmi við íslenskar reglur
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni til ritþjálfunar
- meti og bæti eigin kunnáttu, mál- og menningarfærni
- átti sig á stöðu sinni sem tvítyngds einstaklings með innsýn í tvo menningarheima
- tileinki sér ýmis hugtök sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni

Efnisatriði

Nemendur eru þjálfaðir í lestrar- og námstækni og þeir læra hugtök og yfirhugtök, andheiti og samheiti, fá þjálfun í málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni. Nemendur fá þjálfun í lestri með því að rýna í texta, greina aðalatriði frá aukaatriðum, draga saman innihald frásagna, skima, nota titla, gröf og myndir og spá fyrir um atburðarás til að dýpka skilning og auka lestrarfærni. Nemendur fá þjálfun í notkun hjálpargagna, orðabóka, málfræðibóka, Netsins og þjálfun í ritvinnslu og notkun gagnabanka. Orðaforði er aukinn með lesefni sem höfðar til nemenda og lausn verk efna sem krefjast samvinnu við aðra. Náms efni er sótt úr ýmsum námsgreinum samkvæmt þörfum nemenda, s.s. stærðfræði, sögu og íslensku, og einnig úr daglegu lífi nemenda.

Tölvunotkun og þjálfun í ýmsum hugtökum, sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni, verður fléttuð inn í markmið og viðfangsefni áfangans.

ISA 202 Íslenska sem annað tungumál. Ritun og námstækni

Undanfari: ISA 102 Íslenska sem annað tungumál.

Talað mál og lestur

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, málfræði, ritun, námstækni og notkun hjálpargagna. Markmiðið er að nemendur fái nægilega undirstöðu í íslenskrum ritun, námstækni og námsgreinum til að geta skilið og tjáð sig í rituðu máli við nám og starf í íslenskum framhaldsskólum. Nemendur öðlast vald á undirstöðubáttum sem eru forsendur góðrar framvindu í námi.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfist í persónulegri ritun, t.d. í dagbók
- kynnist ýmiss konar ritun og framsetningu, s.s. rökfærslutextum, margs konar nytjatextum og endursögnum
- vinni sjálfstætt til að auka orðaforða
- noti ferliritun til að setja saman ritgerðir og skýrslur
- geti notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í rituðu máli og skilið aðra
- geti notað málfræðibækur, orðabækur og handbækur um ritun og leiðréttingarforrit í réttiritun
- noti viðeigandi ritað mál
- kynnist stíl námsefnis, sögubóka, dagblaða og texta með kvikmyndum
- geti aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um viðfangsefnið á rituðu máli
- taki þátt í hópvinnu eða paravinnu og ræði við aðra nemendur um viðfangsefnið og álitamál sem tengjast því
- geti notað mismunandi ritstíl
- geti nýtt sér athugasemdir kennara og nemenda í ritun og endurritun

- skilji að framsetning upplýsinga er menningarbundin og átti sig á mismun á framsetningu á íslensku og móðurmáli
- geti stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni til ritþjálfunar
- geti metið og bætt eigin kunnáttu, mál- og menningarfærni
- átti sig á stöðu sinni sem tvítyngds einstaklings með innsýn í tvo menningarheima
- tileinki sér ýmis hugtök sem tengjast tölvu og upplýsingatækni

Efnisatriði

Ferliritun er notuð til að þjálfra nemendur í að setja fram mál sitt samkvæmt íslenskri rithefð. Byrjað er á persónulegri ritun, t.d. í dagbók, og nemendum gefin tækifæri til að prófa ýmiss konar ritun og framsetningu, s.s. rökfærslu-texta, margs konar nytjatexta, endursagnir o.s.frv. Rannsóknaraðferðin er notuð til að þjálfra nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og auka orðaforða og samskiptafærni. Nemendur fá þjálfun í notkun hjálpargagna, orðabóka, málfræðibóka, Netsins og þjálfun í ritvinnslu og notkun gagnabanka. Orðaforði er aukinn með lesefni sem höfðar til nemenda og lausn verkefna sem krefjast samvinnu nemenda. Farið er ítarlega í hvert skref ferliritunar og textar endurritaðir, fyrst innihald og framsetning hugmynda, þá málfar og stíll, málfræði, réttiritun, greinarmerkjasetning o.s.frv. Málfræði er kennd í samhengi við málnotkun nemenda og málfar á lokastigum ritsmíða og munnlegra greinargerða og skýrslna. Náms efni er sótt úr ýmsum námsgreinum samkvæmt þörfum nemenda, s.s. stærðfræði, sögu og íslensku, en einnig úr daglegu lífi nemenda.

Tölvunotkun og þjálfun í ýmsum hugtökum, sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni, verður fléttuð inn í markmið og viðfangsefni áfangans.

ÍSA 212 Íslenska sem annað tungumál. Lestur, hlustun og áhorf

Undanfari: enginn í leið B, ÍSA 104 í leið A

Áfangalýsing

Nemendur lesa valdar sögur og texta í samræmi við þarfir, áhuga og íslenskukunnáttu. Gert er ráð fyrir að nemendur lesi textana og ræði innihald þeirra. Ætlast er til að nemendur nái samhengi og söguþræði en ekki gerðar miklar kröfur um nákvæmni. Einnig verður kynnt íslenskt sjónvarpsefni, bæði leikið efni og fræðsluefni og íslenskar kvikmyndir. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist almennt íslenskum menningarheimi samtímans.

Áfangamarkmið

Nemendur

- auki íslenskan orðaforða sinn með
 - lestri létttra texta
 - áhorfi og umfjöllun um íslenskar kvikmyndir og sjónvarpsefni
 - umræðum um lesefnið
- kynnist íslenskum menningarheimi samtímans
- auki menningarfærni sína í íslensku samfélagi

Efnisatriði

Áfanginn byggist á þeirri hugmynd að tengsl séu á milli magns þess sem lesið er, máltileinkunar og menningarfærni. Nemendur lesa íslenskar bækur af ýmsu tagi, skoða kvikmyndir og sjónvarpsefni. Lesefni og myndefni höfði til nemenda og auki jafnframt orðaforða þeirra og innsýn í íslenskt samfélag.

ÍSA 303 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; tækni og vísindi*

Undanfari: ÍSA 212 Íslenska sem annað tungumál.

Lestur, hlustun og áhorf

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, lestur og ritun sem tengist tækni og vísindum. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem ætla sér að leggja stund á nám á sviði vísinda og tækni og er markmiðið að þjálfa nemendur með annað móðurmál en íslensku í að tileinka sér sérhæft námsefni á sviði vísinda og tækni. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti og fá leiðbeiningar um framburð og málnotkun. Nemendur þjálfi hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki algeng hugtök í stærðfræði, náttúruvísindum og tækni- og iðnnámi
- skilji notkun algengra orða í sérhæfðri merkingu, s.s. minna en og geyma
- þekki hugtök sem tengjast iðnnámi hvers konar
- þekki stíl texta innan einstakra greina
- auki lestrarhraða sinn og lesskilning og bæti túlkun á námsefni
- geti bætt námstækni og námstök
- treysti trú á eigin hæfileika til málnotkunar
- fái aðstoð og upplýsingar tengdar starfsvali
- afli sér upplýsinga um eðli ýmissa starfsgreina og atvinnumöguleika
- kynnist vinnustöðum og sérskólum
- fái tækifæri til að bæta íslenskan framburð
- fái tækifæri til að bæta málnotkun í tengslum við ritgerðarsmið og munnlegan flutning
- fái tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um tækni og vísindi
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum

Efnisatriði

Lesnir eru textar á sviði ýmissa sérgreina og farið í undirstöðuatriði í stærðfræði og náttúruvísindum; líffræði, jarðfræði, eðlis- og efnafræði ef við á. Íslenska er kennd gegnum sérgreinarnar. Nemendur þjálfist í góðri lestrar- og námstækni og reynt er að fylla upp í þekkingareyður sem skapast hafa í fyrra námi á sviði stærðfræði og náttúruvísinda. Rannsóknaraðferðin og ferliritun er notuð til að gera nemendum grein fyrir ýmsum stigum ritgerðarsmíðar. Endurritun er notuð til að kenna málfræði í tengslum við málnotkun. Nemendur tileinka sér hugtök um eðli ýmissa starfsgreina á sviði tækni og vísinda og fá upplýsingar um starfsval og atvinnumöguleika. Nemendur nota tölvur til vinnslu verkefna og upplýsingaöflunar. Gert er ráð fyrir að þessi áfangi sé hluti af undirbúningi undir sérnám og sé í boði í mismunandi sérhæfðu formi á vegum skóla.



ÍSA 313 Íslenska sem annað tungumál. Hugtakaforði á íslensku; hugvísindi og listir*

Undanfari: ÍSA 212 Íslenska sem annað tungumál.

Lestur, hlustun og áhorf

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, lestur og ritun sem tengist bókmenntum, listum og öðrum hugvísindum. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem ætla sér að leggja stund á nám á sviði hugvísinda og lista og er markmiðið að þjálfa nemendur með annað móðurmál en íslensku í að tileinka sér sérhæft námsefni á því sviði. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti og fá leiðbeiningar um framburð og málnotkun. Nemendur þjálfi hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist hugtökum úr sögu, félagsgreinum, bókmenntum, listum og öðrum greinum eftir þörfum
- læri að skilja notkun algengra orða í sérhæfðri merkingu
- þekki stíl texta innan einstakra greina
- auki leshraða, lesskilning og bæti túlkun á námsefni
- geti bætt námstækni og námstök
- treysti trú á eigin hæfileika til málnotkunar
- fái aðstoð og upplýsingar tengdar starfsvali
- afli sér upplýsinga um eðli ýmissa starfsgreina og atvinnumöguleika
- kynnist vinnustöðum og sérskólum
- fái tækifæri til að bæta íslenskan framburð
- fái tækifæri til að bæta málnotkun í tengslum við ritgerðarsmið og munnlegan flutning
- fái tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um hugvísindi og listir
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum

Efnisatriði

Textar eru skoðaðir frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Lesnir eru textar á sviði ýmissa sérgreina og farið í undirstöðuatriði í sögu, félagsgreinum, bókmenntum og listum eins og við á. Íslenska er kennd gegnum greinarnar. Nemendur fá þjálfun í góðri lestrar- og námstækni og reynt er að fylla upp í þekkingareyður sem skapast hafa í fyrra námi á sviði hugvísinda. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti og fá leiðbeiningar um framburð og málnotkun. Rannsóknaraðferðin og ferliritun er notuð til að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og gera nemendum grein fyrir ýmsum stigum ritgerðarsmíðar. Endurritun er notuð til að kenna málfræði í tengslum við málnotkun. Nemendur tileinka sér hugtök um eðli ýmissa starfsgreina á sviði lista, uppeldis- og félagsvísinda, tungumála og bókmennta og fá upplýsingar um atvinnumöguleika og starfsval. Nemendur nota tölvur til að vinna verkefni og til upplýsingaöflunar. Gert er ráð fyrir að þessi áfangi sé hluti af undirbúningi undir sérnám og sé í boði í mismunandi sérhæfðu formi á vegum skóla.

ÍSA 403 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar bókmenntir og menningarsaga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Undanfari: ÍSA 303 Íslenska sem annað tungumál.

Hugtakaforði á íslensku; tækni og vísindi eða

ÍSA 313 Íslenska sem annað tungumál.

Hugtakaforði á íslensku; hugvísindi og listir

Áfangalýsing

Í áfanganum er gefið yfirlit yfir bókmenntir og menningar-sögu Íslands og er námsefnið lagað að íslenskukunnáttu nemenda með annað móðurmál. Markmið áfangans er að gefa nemendum með annað móðurmál menningarlegan og mállegan ramma til þess að þeir átti sig á þeirri menningar-bundnu þekkingu og þjóðarvitund sem oft er gengið út frá í námsefni og námstökum. Fjallað verður um norræn trúar-brögð og goðsagnir og áhrif norrænnar goðafræði á íslensk-ar bókmenntir. Gefið verður yfirlit yfir sögu Íslands og þjóðhætti. Fjallað er um undirstöðuatriði íslensks málkerfis og málfræðihugtök.

Áfangamarkmið

Nemandi

- átti sig á tengslum tungumáls og menningar
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði
- kynnist ljóðum og sögum sem vísa til goðsagna
- kynnist undirstöðuatriðum íslensks málkerfis
- þekki helstu málfræðihugtök
- kynnist uppruna og skyldleika orða og velti fyrir sér orðasmíð og merkingu
- þekki íslenska nafnsiði
- geti greint mismunandi málsnið og orðræðu við ólíkar aðstæður
- skilji leiðbeiningar um framburð
- þjálfist í að bera íslensku fram skýrt og áheyrilega
- nýti sér rannsóknaraðferðina við upplýsingaöflun
- vinni verkefni í samvinnu við aðra

- fá tækifæri til að semja og flytja eigin hugleiðingu tengda efni áfangans
- skrifi ritgerðir eða ritdóma um efni áfangans
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum

Efnisatriði

Rýnt er í og rætt um þjóðlög, sögur, ljóð, greinar, ræður, sögulega texta og kvikmyndir sem fjalla um íslensk þemu sem eru hluti af þjóðarvitund Íslendinga. Nemendur kynnst efni frá ýmsum tímum, skrifa ritdóma og ritgerðir og fá tækifæri til að lesa upp eigin verk og annarra. Námið er hugsað til að gefa nemendum tækifæri til að nota íslenskt mál á annan hátt en í daglegri notkun, s.s. með rökræðum og framsetningu eigin hugmynda og annarra, þjálfá mál- og menningarfærni, skilja kímni, sögulegar tilvitnanir o.s.frv., auka orðaforða og skerpa og dýpka íslenska málfræði, málnotkun og framburð. Nemendur kynnst efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir íslenskukunnáttu þeirra og fá tækifæri til að nota tölvu við frágang ritunarverkefna.

ÍSA 503 Íslenska sem annað tungumál. Íslenskar nútímabókmenntir

Undanfari: ÍSA 403 Íslenska sem annað tungumál.
Íslenskar bókmenntir og menningarsaga fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið með bókmenntasögu 20. aldar setta í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis á sama tímaskeiði. Nemendur kynnst íslenskum bókmenntum frá aldamótum til okkar daga. Nemendur lesa sögur og ljóð og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega. Í áfanganum er gert ráð fyrir að lengri tíma sé varið til forkenndu orðaforða, málfræði- og framburðarkennslu, umræðna um menningarlegt samhengi og útskýringa á námsefni í samræmi við íslenskukunnáttu áður en tekist er á við textarýni. Gert er ráð fyrir að nemendur þurfi hjálpargögn og aukaefni til þess að skilja menningarlegan bakgrunn og samhengi þeirra verka sem fjallað er um.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist völdum bókmenntum 20. aldar og hvernig bókmenntir tengjast íslenskum raunveruleika
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra á einstakling og samfélag
- kynnist helstu bókmenntastefnum 20. aldar
- lesi valda bókmenntatexta í bundnu og óbundnu máli frá upphafi aldarinnar, miðri öldinni og seinni hluta aldarinnar og átti sig á listrænum einkennum þeirra
- semji eigin texta af ýmsu tagi og komi þeim frá sér í ræðu og riti
- kynnist ólíkum bragarháttum og skoði mismunandi myndmál og stílbrögð

* Þeim nemendum, sem hafa nægilega kunnáttu í íslensku, verði gert kleift að taka áfangann ÍSL 503 með sérstökum stuðningi í stað þessa áfanga með öðrum nemendum.

Efnisatriði

Nemendur kynnast helstu skáldum og rithöfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þau/þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímamann á Íslandi. Þeir tileinka sér bókmenntafræðileg hugtök og þjálfast í sjálfstæðri túlkun bókmenntatexta. Nemendur athuga sérstaklega atriði sem lúta að framsetningu máls og fá tækifæri til að skerpa eigin málnotkun og framburð. Gerð er krafa um nákvæm vinnubrögð. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig munnlega og skriflega um efni áfangans og nota tölvu við frágang verkefna. Gert er ráð fyrir að allnokkrum tíma sé varið til málfræði- og framburðarkennslu og forkennslu orðaforða áður en tekist er á við textarýni og ritun.



ÍSLENSKA FYRIR HEYRNARLAUSA

Inngangur

Heyrnarlaust fólk lærir ekki íslensku (þjóðtunguna) á sama hátt og heyrandi. Það hefur ekki heyrnina til að til-einka sér málið frá bernsku heldur lærir það á grundvelli ritmálsins. Námskrá í íslensku fyrir heyrnarlausa tekur mið af því að heyrnarlausir nemendur eru að læra sitt annað mál og þeirra fyrsta mál, íslenska táknmálið, verður að liggja til grundvallar námi heyrnarlausra. Það er hlutverk skólans að sjá fyrir metnaðarfullri íslenskukennslu sem hentar öllum nemendum og koma til móts við sérstöðu hópa sem geta verið lengur að tileinka sér íslenskuna vegna þess að hún er ekki þeirra fyrsta mál.

Í námskránni er gert ráð fyrir því að fyrstu sex einingarnar í íslensku í framhaldsskóla séu kenndar sérstaklega fyrir heyrnarlausa. Þetta er gert til þess að kennarinn geti notað táknmálið markvisst til útskýringar og samanburðar þegar verið er að skoða uppbyggingu íslenskunnar og til að geta lagt megináherslu á ritmálið, þ.e. lestur og ritun.

Nám og kennsla

Íslenska fyrir heyrnarlausa er sex einingar og kennd í þremur áföngum, ÍSH 102, 202 og 212. Mikilvægt er að kennslustundafjöldi og kennsluaðferðir taki mið af forsendum nemenda til íslenskunáms. Eftir það taka við almennir áfangar í íslensku sem heyrnarlausir framhaldsskólanemendur taka með heyrandi jafnöldrum sínum og túlkaðir eru yfir á táknmál, þ.e. ÍSL 303, ÍSL 403 og ÍSL 503.

Öll íslenskukennsla heyrnarlausra verður að taka mið af því að íslenskan er þeirra annað mál en táknmálið fyrsta. Byggja verður á þeim grunni sem nemendur þekkja, þ.e. táknmálinu, og nálgast íslenskuna á grundvelli táknmálsins. Tungumálakennsla byggist jafnan á hlustun, ritun, lestri og tjáningu en þegar heyrnarlausir eiga í hlut fellur hlustun og munnleg tjáning út en aukin áhersla er lögð á ritmálshluta íslenskunnar.

Bókmenntir eru stór hluti menningar sérhverrar þjóðar. Eitt meginmarkmið íslenskukennslunnar er að stuðla að og viðhalda virku tvítyngi heyrnarlausra og hluti af því er að tryggja þeim aðgang að bókmenntum þjóðarinnar, textum úr dagblöðum, fræðiritum og öðrum textum. Það verður best gert með því að auka stöðugt lesskilning þeirra og glæða þannig bókmenntaáhugann.

Ritunarkennslan verður að miða að því að gera nemendur færa um að tjá sig um margvísleg málefni á skriflegri íslensku. Undir ritunarkennsluna falla skrif sem eru skapandi og fræðandi auk persónulegrar tjáningar. Einnig er mikilvægt að þeir geti notað íslenskuna sem tæki til að skipuleggja framsetningu efnis á táknmáli og séu, í anda tvítyngisstefnunnar, jafnvígir á íslenskt táknmál og íslenskt ritmál, þ.e. geti hvort heldur tekið við upplýsingum á íslensku (ritmáli) og miðlað þeim áfram á táknmáli eða tekið við upplýsingum á táknmáli og miðlað þeim áfram á íslensku í formi texta.

Lokamarkmið og námsmat

Lokamarkmið þeirra þriggja áfanga í íslensku, sem ætlaðir eru sérstaklega fyrir heyrnarlausu, er í öllum meginþáttum hið sama og gildir um aðra nemendur að viðbættu því markmiði að stuðla að og viðhalda virku tvítyngi hinna heyrnarlausu nemenda. Að loknu 6 eininga námi í íslensku eiga heyrnarlausir nemendur að vera tilbúnir til að hefja nám í blönduðum bekk með heyrandi nemendum og nýta sér kennsluna þar með milligöngu túlks.

Í námsmati, svo og í námsþáttum sem lúta að heyrn/hlustun og tali/framsögn, er tekið tillit til sérstöðu heyrnarlausra og táknmál og ritmál lagt til grundvallar. Námsmat byggist á símati á vinnu nemenda í einstökum áföngum. Hægt er að meta hópvinnu, fyrirlestra, ritgerðir og ýmislegt fleira. Leggja þarf áherslu á að meta skriflega frammistöðu nemenda þar sem færni þeirra í málinu birtist. Tölvun er mikilvægt kennslutæki og getur einnig nýst við námsmat. Með tölvutækninni getur nemandinn sýnt vald sitt á tungumálinu við aðrar aðstæður en ýmis hefðbundin skrifleg verkefni bjóða.

Áfangar

ISH 102 Læsi og ritun

Undanfari: Æskilegt er að nemendur hafi lokið eða tekið jafnhliða áfangann ÍTM 103 Málfræði og saga heyrnarlausra I.

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, lesi fjölbreytta texta, s.s. bókmenntatexta og ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum, fræðiritum og á Netinu. Nemendur fá þjálfun í sem fjölbreyttastri ritun og tjáningu. Nemendur læra að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni. Bæði í bókmenntalestri og ritun er lögð áhersla á þýðingar af táknmáli yfir á íslensku og öfugt.

Áfangamarkmið

Nemandi

- tileinki sér jákvætt viðhorf til þjóðtungunnar og eigin málnotkunar
- auki leshraða sinn og bæti lesskilning
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta
- fái tækifæri til að velja texta við hæfi í samræmi við áhuga sinn
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál
- geti flutt eigin texta og annarra fyrir aðra
- taki þátt í umræðum og rökræðum
- losi um óæskilegar hömlur og yfirstigi feimni í framkomu og tjáningu þar sem þörf krefur
- fái tækifæri til að túlka myndræna framsetningu upplýsinga af ýmsu tagi
- skrifi margs konar ritsmiðar í skrefum (ferliritun)
- temji sér notkun hjálpargagna við réttritun, þ.m.t. orðabækur og leiðréttingarforrit

- þjálfist í notkun handbóka í ritun
- geti gengið frá texta í tölvu
- fái þjálfun í réttiritun og greinarmerkjasetningu
- þjálfist í þýðingum eigin texta og annarra af táknmáli yfir á íslensku og öfugt

Efnisatriði

Nemendur lesa bókmenntatexta og ýmsa aðra texta, átta sig á eðli þeirra og fá þjálfun í að fjalla um þá, túlka þá og bera saman við eigin reynslu og hugmyndaheim. Nemendur fá innsýn í nokkur grunnhugtök bókmenntafræði. Nemendur kynnast fræðsluefni í myndformi og þjálfast í að túlka upplýsingar sem birtast með myndrænum hætti, t.d. línurit, myndir og gröf; fá þjálfun í sem fjölbreyttastri ritun, t.d. ritun rökfærslutexta, texta um eigin reynslu og lesið efni og ritun endursagna. Lögð er áhersla á að ritun er ferli sem byggist fyrst á undirbúningsvinnu, þá úrvinnslu hugmynda og vali framsetningarmáta og síðast frágangi. Með aðferðum ferliritunar eru nemendur þjálfaðir í stafsetningu og temja sér notkun hjálpargagna, svo sem orðabóka, handbóka og leiðbeininga um frágang, og þjálfast í að semja, umsemja og endurrita texta í tölvu í samræmi við leiðbeiningar.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta lestur af ýmsu tagi, lesskilning og orðaforða, einstaklings- og hópverkefni tengd bókmenntum, ritunarverkefni, stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

ÍSH 202 Bókmenntir og málfræði

Undanfari: ÍSH 102 Læsi og ritun

Einnig er æskilegt að nemendur hafi lokið eða taki jafnhliða áfangann ÍTM 203 Málfræði og saga heyrnarlausra I

Áfangalýsing

Í áfanganum er megináhersla lögð á að skoða ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Markmiðið er að nemendur þjálfí hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð. Nemendur fá tækifæri til að nota tölvu, handbækur og sem fjölbreyttust hjálpargögn.

Áfangamarkmið

Nemandi

- lesi bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- fái tækifæri til að njóta listræns efnis í tengslum við lestur bókmennta, t.d. leiksýninga, kvikmynda eða myndlistar
- geti beitt bókmenntafræðilegum hugtökum í umfjöllun um bókmenntir
- geti nýtt sér setningafræðileg hugtök í umfjöllun um stíl sagna og samanburð ólíkra texta
- geti nýtt sér setningafræðileg hugtök í samanburði á táknmáli og íslensku, t.d. hvað varðar málsnið
- geti nýtt sér málfræðilegar upplýsingar í orða- og uppflettibókum og í umræðu um mál og málnotkun
- fái tækifæri og öðlist nokkurt öryggi til að tjá hugmyndir sínar og skoðanir á táknmáli um efni áfangans
- skrifi margs konar ritsmíðar í skrefum, þ.e. með ferliritun
- læri að byggja upp heimildaritgerðir
- skoði mismunandi málsnið í rituðum heimildum
- átti sig á mismunandi málsniðum og geti nýtt sér þá kunnáttu í rituðu máli
- geti nýtt sér reglur um málnotkun og byggingu málsins í ræðu og riti

- geti nýtt sér stafsetningarreglur í rituðu máli og reglur um greinarmerki
- temji sér notkun orðabóka, handbóka, leiðréttingarforrita og leiðbeininga um frágang
- kanni málfar á vefsíðum, netráðstefnum og spjallrásum
- noti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vefsíðum
- fái þjálfun í réttritun
- fái þjálfun í þýðingum af táknmáli yfir á íslensku og öfugt
- geti tekið þátt í umræðum um bókmenntir, málfræði og margvísleg önnur málefni, t.d. á spjallrásum, netráðstefnum og póstlistum

Efnisatriði

Nemendur lesa texta frá ólíkum tímum, t.d. fornsögu (eða Íslendingaþátt), smásögu og nútímaskáldsögu. Við umfjöllun um textana fái nemendur þjálfun í því að beita bókmenntafræðilegum hugtökum eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt verði hugað að ólíkum málfarseinkennum textanna og vakin athygli á því hvernig setningafræðileg hugtök nýtast við lýsingu og samanburð þeirra. Nemendur gera grein fyrir skoðunum sínum og athugunum á textunum bæði skriflega og á táknmáli, bera söguefnið saman við eigin reynslu og hugmyndaheim og huga að þeirri þjóðfélagsmynd sem textarnir birta. Nemendur kynnast efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd málfræði og bókmenntum, bæði skilað á táknmáli og skriflega. Námsmat getur að öðru leyti byggst á hæfni til að nota málfræðihugtök við greiningu texta og umfjöllun um málið, skilningi, túlkun og greiningu á bókmenntum og hæfni í réttritun og greinarmerkjasetningu.

ISH 212 Mál- og menningarsaga

Undanfari: ISH 202 Bókmenntir og málfræði

Einnig er æskilegt að nemendur hafi lokið eða taki jafn-
hlíða áfangann ÍTM 303 Bókmenntir og setningafræði.

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að fjalla um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Nemendur kynnst nokkrum atriðum í sögu íslensks máls frá öndverðu til okkar daga, kynnst norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna auk þess sem þeir fá tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans. Nemendur kynnst helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og fá þjálfun í að nota tölvu við frágang verkefna.

Áfangamarkmið

Nemandi

- átti sig almennt á tengslum tungumáls og menningar með sérstakri áherslu á eigið tvítýngi og merkingu þess að tilheyra tveimur málsamfélögum
- þekki dæmi um áhrif norrænnar tungu á önnur málsvæði
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði
- viti deili á helstu goðum í norrænni goðafræði og hlutverki þeirra, vættum og öðrum átrúnaði
- kynnist áhrifum fornsagna á íslenskar nútímabókmenntir
- kynnist uppruna og skyldleika orða
- velti fyrir sér orðasmíð og merkingu
- þekki íslenska nafnsiði
- greini mismunandi málsnið við ólíkar aðstæður
- kynni sér íslenska málstefnu og málstefnu íslenska tákn málsins, beri málstefnurnar saman og myndi sér skoðun á þeim
- fái tækifæri til að semja og flytja eigin hugleiðingu, tengda efni áfangans
- fái tækifæri til að skoða myndbönd, myndlist eða margmiðlunarefni tengt norrænum goðsögnum

- kynnist helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun
- skrifi ritgerð eða ritdóm um kjörbók
- nýti tölvutækni til að ganga frá textum til verkefnaskila, útgáfu eða birtingar á vef/neti

Efnisatriði

Fjallað verður um norræn trúarbrögð og goðsagnir, helstu æsi og ásynjur og áhrif norrænnar goðafræði á íslenskar nútímabókmenntir. Fjallað verður um skyldleika og einkenni norrænna mála. Lesin verða textadæmi frá ýmsum tímum og vakin athygli á málfarslegum einkennum þeirra og þeirri þjóðfélagsmynd sem þau birta, uppruna og skyldleika orða, endurnýjun orðaforðans og íslenskum nafnsiðum. Nemendur lesa kjörbók og skrifa um hana ritgerð eða ritdóm og fá tækifæri til að flytja eigið ritverk. Þeir kynnast efni á sviði lista og margmiðlunar sem hæfir áfanganum.

Námsmat

Í áfanganum má t.d. meta einstaklings- og hópverkefni tengd sögu máls (bæði íslensku og tákn máls) og menningar og ritunarverkefni. Námsmat getur að öðru leyti byggst á þekkingu og skilningi á norrænni goðafræði og sögu og sérkennum íslenskunnar.



ÍSLENSKT TÁKNMÁL FYRIR HEYRNARLAUSA

Inngangur

Táknmál hefur grundvallarþýðingu fyrir málþroska og sjálfsmýnd heyrnarlausra. Hjá heyrnarlausum er táknmálið auk þess mikilvægasta uppspretta þekkingar og leið til að taka þátt í íslenskri menningu og menningu heyrnarlausra. Kennslan í þessari grein miðar að því að nemendur þroski mál sitt þannig að þeir fái sterka sjálfsmýnd og skýran skilning á sjálfum sér og stöðu sinni sem heyrnarlausra einstaklinga í heyrandi íslensku meirihlutasamfélagi. Kennslan á að stuðla að þroska þeirra sem tvítyngdra einstaklinga með táknmál sem fyrsta mál og íslenskt ritmál sem annað mál.

Táknmál hefur ekkert ritmál og samræðan er því mikilvægasta vinnuaðferðin. Myndbönd og tölvur eru svo mikilvæg tæki til að varðveita og greina táknmálstexta. Þekking á byggingu og eðli málsins eykur öryggi nemenda í því að bera táknmálið saman við mismunandi stíl og mál-snið íslensku. Það styrkir líka vitundina um málið að gera sér grein fyrir því að táknmál og raddmál eru að mörgu leyti háð sömu skilyrðum og að vita hvernig best er að notfæra sér táknmálstúlk sem gerist æ mikilvægara eftir því sem nemandinn sækir sér fjölbreyttari menntun.

Nám og kennsla

Aðalviðfangsefni greinarinnar er aukin þekking á hlutverki, stöðu og byggingu táknmálsins. Málþroski nemenda víkkar með flóknari greiningu á eigin táknmáli og annarra og með sjálfstæðri nýyrðasmíð og þýðingum. Málið fær þannig stöðu jafnhliða öðrum málum og kennslan stuðlar að sterkari sjálfsmýnd og öryggi.

Kennslunni er ætlað að veita undirstöðu undir allt málanám og ekki síst íslenskunámið. Kennslan miðar líka að því að nemendur þjálfist í því að tjá eigin hugsanir og skynjun á fjölbreyttan hátt, með listrænni sköpun eða röklegri framsetningu, í tveggja manna tali eða fyrir framan hóp.

Þar sem táknmálið á sér ekki ritmál er lögð áhersla á mismunandi frásagnarmáta en einnig bókmenntir eftir heyrnarlausu höfundu. Nemendur spreyta sig á ýmiss konar sköpun á táknmáli, listrænni framsetningu, mismunandi stíl og málsniði.

Menning heyrnarlausra er rauður þráður í gegnum alla kennslu enda eykur menningarleg sjálfsvitund hæfni nemendanna til að tileinka sér aðra menntun og takast á við fjölbreytt verkefni.

Skipan náms

Táknmál fyrir heyrnarlausu í kjarna framhaldsskólanáms eru 15 einingar. Miðað er við að táknmálið sé kennt í 5 þriggja eininga áföngum.

Eftirfarandi áfangar eru skilgreindir í táknmáli í aðalnámsskránni.

Kjarnaáfangar í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausu

- ÍTM 103 - Málfræði og saga heyrnarlausra I
- ÍTM 203 - Málfræði og saga heyrnarlausra II
- ÍTM 303 - Bókmenntir og setningafræði
- ÍTM 403 - Frásagnir og sköpun
- ÍTM 503 - Þýðingar og þróun táknforðans

Valáfangi í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausu

- ÍTM 603 - Leiklist

Námsmat

Meta skal vaxandi færni nemandans í að nota táknmálið sem tæki á fjölbreyttan hátt til að tjá eigin skoðanir, tilfinningar og upplifun en einnig til að tjá viðhorf og afstöðu annarra, til að taka saman niðurstöður hópstarfs og til að gera grein fyrir heimildaöflun þar sem heimilda hefur verið aflað á táknmáli, íslensku eða öðrum málum. Einnig ber að meta hversu sjálfstæður og fær hann er í að reyna nýja frásagnartækni og tileinka sér ýmiss konar málsnið og stíl. Loks ber að meta hversu vel nemandinn nær valdi á því að greina táknmál á málfræðilegan hátt og hversu hlutlægt hann getur rætt félagslega og menningarlega stöðu málsins frá ýmsum sjónarhornum.

Lögð er áhersla á símat á vinnu nemenda og einnig á fjölbreytt námsmat, ritgerðir, einstaklingsverkefni og hópverkefni. Megineinkenni námsmatsins í þessum áföngum er þó það að táknmálið er í öndvegi og öllum verkefnum skilað á myndböndum. Sjálfsmat nemenda er einnig æskilegt.

Lokamarkmið

Eins og fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla er eðli lokamarkmiða að gefa yfirsýn yfir það sem stefnt er að í kennslu greina eða greinasviða. Lokamarkmiðin gefa heildaryfirlit yfir það sem stefnt er að í íslensku táknmáli í framhaldsskóla. Lokamarkmiðin miðast við nám í brautarkjarna á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Lokamarkmiðin eru síðan nánar útfærð í áfangamarkmiðum og áfangalýsingum einstakra áfanga.

Markmiðin eru leiðarvísir í skólastarfinu og forsenda áætlanagerðar og skólanámskrárgerðar einstakra skóla. Þeim er ætlað að samræma kröfur, stýra kennslu og þau eru forsendur námsmats og grundvöllur mats á gæðum skólastarfs og samræmdra prófa í framhaldsskólum.

Áfangamarkmið

Nemandi

Munnleg samhæfing

- nái góðu valdi á fjölbreytilegu táknmáli og geti tjáð sig við ólíkar aðstæður og með virðingu fyrir öðrum, vilji það og sýni áræði
- taki virkan þátt í umræðum um ýmis almenn mál-efni, fagleg mál og málefni liðandi stundar
- læri að laga táknmál að mismunandi aðstæðum
- læri að notfæra sér markvisst túlk við mismunandi aðstæður
- hafi vald á ýmiss konar málsniðum og geri sér grein fyrir því hvenær á að beita þeim

Tungumála- og menning- arþekking

- greini bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra eigið mál og annarra
- þroski listræna sköpunargáfu sína með því að beita táknmáli til sköpunar
- læri að nota myndbönd, margmiðlun og aðra tækni til sköpunar og til að afla upplýsinga og skrá þær
- öðlist þekkingu á málinu og mikilvægi þess fyrir einstakling og samfélag
- þjálfist í samskiptum á ýmsum öðrum táknumálum og nái valdi á alþjóðlegu fingrastafrófi
- skilji grundvallarform og málfræðibyggingu táknumáls
- geri sér grein fyrir því að heyrnarlausir nota táknmál misjafnlega eftir aldri, kyni, menntun og aðstæðum
- greini það sem er líkt og ólíkt í byggingu og hlutverki táknumáls og íslensku til að skoða eigið tvítyngi í samhengi
- læri um sögu táknumáls
- læri um menningu heyrnarlausra eins og henni er miðlað í munnlegri og skriflegri geymd
- læri um sögu heyrnarlausra á Íslandi og annars staðar í heiminum

Nemandi

- læri að nota eigin reynslu, hugsun og færni í málinu til að afla nýrrar þekkingar og festa hana í minni

- Bókmenntir og textagerð**
- skilji mismunandi tegundir táknmálstexta
 - öðlist þekkingu á helstu íslenskum bókmenntaverkum af ýmsum toga og höfundum og völdu erlendu bókmenntaefni, m.a. eftir heyrnarlausa rithöfunda

- Sjálfsvitund**
- geri sér grein fyrir að táknmál eru jafnmikilvæg og önnur tungumál
 - átti sig á stöðu sinni sem heyrnarlauss einstaklings í samfélaginu
 - átti sig á stöðu táknmáls í samfélaginu



Áfangar

ÍTM 103 Málfræði og saga heyrnarlausra I

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er lagður grunnur að síðari áföngum með því að nemendur skoða táknmálið sem fyrirbæri, ræða það sín á milli og greina með aðferðum málfræðinnar. Einnig er lagður grunnur að umfjöllun um sögu heyrnarlausra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- skoði táknmál mismunandi aldurshópa
- skoði táknmál karla og kvenna
- taki eigið táknmál upp á myndband og skoði
- skoði og ræði táknmál annarra í hópnum
- geti rætt um mismunandi táknmál á málefnalegan hátt
- nái valdi á grundvallarhugtökum táknmálmálfræðinnar
- beiti málfræðilegri greiningu á einföld atriði táknmálsins
- geti rætt mismunandi málsnið og mismunandi stíl
- temji sér skýran framburð (þ.e. skýra myndun tákna) þegar það á við
- þjálfist í notkun myndbandstökuvéla
- átti sig á samspili máls og samfélags
- fái innsýn í sögu táknmáls
- læri um óæskilegar hömlur og yfirstígi feimni í framkomu og tjáningu þar sem þörf krefur

Efnisatriði

Megináhersla er lögð á að skoða mismunandi táknmálsfrá-sagnir. Nemendur líta á eigið táknmál og annarra til að gera sér grein fyrir því að hvaða leyti málið er einstaklings-bundið og að hvaða leyti sameiginlegt. Í áfanganum er inn-gangur að almennri málfræði og táknmál skoðað í því samhengi. Í því sambandi er litið á málbreytingar, for-sendur þeirra og eðli. Fjallað er um mismunandi táknmál eftir aldri og kyni og mismunandi stíl og málsniði. Áhersla er lögð á tjáningu og skýran framburð (þ.e. skýra myndun tákna). Kynning á stöðu heyrnarlausra og táknmálsins á Íslandi, Norðurlöndum og almennt í heiminum.

Námsmat

Í áfanganum taka nemendur upp eigið táknmál og meta málsnið og mismunandi stíl. Meta má einstaklings- eða hópverkefni sem tengjast öðru efni áfangans.

ÍTM 203 Málfræði og saga heyrnarlausra II

Undanfari: ÍTM 103 Málfræði og saga heyrnarlausra I

Áfangalýsing

Í þessum áfanga fléttast saman málfræði, málnotkun (tján-ing) og saga heyrnarlausra. Einnig læra nemendur að umgangast heimildir og beita markvissri röksemdafærslu til að koma skoðun sinni á framfæri á táknmáli.

Áfangamarkmið

Nemandi

- tileinki sér jákvætt viðhorf til táknmálsins
- geti beitt hugtökum táknmálsfélfræðinnar í umfjöllun um táknmálið
- geti flutt mismunandi texta fyrir aðra
- þjálfist í myndbandagerð, sérstaklega með sjónarhorn, bakgrunn og lýsingu í huga
- taki viðtal, undirbúi það og fullvinni
- kynnist því hvað táknmálsfélfræðingar eru að sýsla
- temji sér markvissa og skipulega framsetningu efnis
- kynnist sögu heyrnarlausra

Efnisatriði

Nemendur þjálfast enn frekar í málfræði táknmáls. Er þá sérstaklega litið á meginatriði beygingakerfisins; staðsetningar, bendingar, próform og tímalínur. Í því samhengi fá nemendur tækifæri til að líta á efni frá rannsóknarstofnunum á Íslandi og erlendis. Nemendur fá þjálfun í málnotkun á myndbandi með það að markmiði að auka orðaforða og bæta málvitund. Saga heyrnarlausra er skoðuð og heimildaritgerð gerð á myndbandi þar sem nemendur taka eigin viðtöl, undirbúa þau markvisst og vinna úr þeim á kerfisbundinn hátt.

Námsmat

Meginkjarni námsmatsins felst í heimildaritgerð sem nemandi skilar á myndbandi. Málfræðihlutann vinnur nemandinn með því að beita hugtökunum á sjálfstæðan hátt í verkefni sem skilað er munnlega eða fullunnu á myndbandi.

ÍTM 303 Bókmenntir og setningafræði

Undanfari: ÍTM 203 Málfræði og saga heyrnarlausra II

Áfangalýsing

Í áfanganum kynnast nemendur bókmenntum eftir heyrnarlausra höfunda og líta á meginatriði setningafræði táknmálsins. Verkin eru lesin og greind út frá sögu og menningu heyrnarlausra.

Áfangamarkmið

Nemandi

- lesi mismunandi bókmenntir eftir heyrnarlausra höfunda
- ræði og reifi þýðingu bókmennta heyrnarlausra
- spreyti sig á að þýða brot úr textum eftir heyrnarlausra höfunda
- geti beitt setningafræðilegum hugtökum í umfjöllun um táknmál
- geti sett fram og greint mismunandi setningagerðir

Efnisatriði

Skoduð eru bókmenntaverk eftir heyrnarlausra rithöfunda. Í tengslum við þetta vinna nemendur ýmis verkefni sem þeir skila ýmist munnlega (á táknmáli) eða skriflega. Í áfanganum er einnig fjallað um setningaskipan, svipbrigði, spurningar, fullyrðingar, skilyrðissetningar og önnur setningaleg atriði. Til að festa þessi hugtök í sessi greina nemendur eigið táknmál og annarra.

Námsmat

Matið byggist á sjálfstæðum verkefnum um bókmenntaverk eftir heyrnarlausan höfund. Einnig leysi nemendur greiningarverkefni sem reynir á setningafræði táknmálsins.

ÍTM 403 Frásagnir og sköpun

Undanfari: ÍTM 303 Bókmenntir og setningafræði

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að örva sköpunargleði á táknmáli. Lögð er áhersla á að skoða táknmálstexta og gagnrýna verk annarra og að nemendur þjálfist jafnframt í að leggja fram verk sín til umræðu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfist í mismunandi frásagnaraðferð og stíl
- geti greint mismunandi frásagnaraðferð og stíl
- átti sig á sköpunarmætti táknmálsins
- spreyti sig á skapandi táknmáli
- yrki ljóð á táknmáli og flytji fyrir framan hóp og gangi frá á myndbandi
- semji smásögu á táknmáli
- leggi verk sín fram til umræðu
- geti rætt eigin verk og annarra á málefnalegan hátt
- fjalli um hlut myndbandstækninnar í að ná fram listrænum áhrifum

Efnisatriði

Til að örva sköpunargleðina á táknmáli eiga nemendur að eiga þess kost að semja eigið efni og fá á það gagnrýni. Nemendur fást við ýmiss konar frásagnaraðferð og mismunandi stíl. Nemendur semja smásögur, ljóð, greinar o.s.frv., allt eftir áhugasviði sínu.

Námsmat

Matið er símat. Nemendur skila verkum sínum á myndbandi. Matið byggist einnig á þátttöku í umræðum.

ÍTM 503 Þýðingar og þróun táknforðans

Undanfari: ÍTM 403 Frásagnir og sköpun

Áfangalýsing

Í áfanganum eru þýðingar í brennidepli og þau vandamál sem koma upp við þýðingar á textum. Nemendur spreyta sig á að þýða ýmiss konar texta yfir á táknmál. Einnig er fjallað um þróun táknforðans og málstefnu.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þýði ýmiss konar texta yfir á táknmál
- geti rætt mismunandi þýðingalausnir
- átti sig á því að ekki er til „rétt“ þýðing
- geri sér grein fyrir því að þýðing er sköpun
- fjalli um tengsl mismunandi texta og mismunandi frásagnaraðferðar í táknmálinu
- fái tækifæri til að setja sig í spor táknmálstúlks
- greini snartúlkaðan texta og beri saman við eigin þýðingu
- tileinki sér þau hugtök sem notuð eru í umræðu um málstefnu
- skoði táknforðann með hliðsjón af nýyrðasmíð
- spreyti sig á markvissri nýyrðasmíð

Efnisatriði

Nemendur þýða nytjatexta, barnabók, ljóð, blaðagrein og lengri bókmenntatexta. Bent er á hvernig leysa má vanda sem upp kemur og nemendur eru æfðir í þýðingum á margs konar textum. Fjallað er stuttlega um muninn á þýðingum og snartúlkun með hliðsjón af táknmálstúlkun. Í þessu sambandi er einnig litið á þróun táknforðans, nýyrðasmíð og hvernig tákn þurfa að lúta lögmálum tákn málsins til að öðlast viðurkenningu málsamfélagsins. Meginhugtök málstefnu eru reifuð og nemendur fjalla um málstefnu almennt og loks þá málstefnu sem lýtur að táknmáli og málsamfélagi heyrnarlausra sérstaklega.

Námsmat

Í áfanganum er færni nemandans í að þýða mismunandi texta metin út frá einstaklings- og hópverkefnum.

Valáfangi

ÍTM 603 Leiklist

Undanfari: ÍTM 503 Þýðingar og þróun tákningar

- Litið er á leikritshandrit og samanburður verður gerður á leiklist heyrnarlausra og heyrandi.
- Tvö handrit eru þýdd gróflega.
- Nemendur sjá sömu leikrit á sviði með túlki og fjalla um þýðingarleiðir, lausn þýðingarvandamála og þýðingar almennt.
- Nemendur spreyta sig á því að skrifa handrit fyrir tákningarsleikuhús.

